

Ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar, dags. 7. desember 2006, um framlag Símans hf. úr jöfnunarsjóði alþjónustu vegna ársins 2005

I. Málsvik, kröfugerð Símans, sjónarmið Póst- og fjarskiptastofnunar og skýrslur KPMG

1.1. Umsókn Símans, dags. 14. október 2004, um framlag úr jöfnunarsjóði alþjónustu vegna ársins 2005

1.1.1. Almennt

Upphaf þessa máls er að Póst- og fjarskiptastofnun barst umsókn frá Símanum hf., dags. 14. október 2004, um framlag úr jöfnunarsjóði alþjónustu. Fram kom að umsóknin tæki til fjárframlags frá og með 1. janúar 2005. Um tvær aðskildar beiðnir væri að ræða, annars vegar vegna þeirrar kvaðar að bjóða öllum landsmönnum upp á gagnaflutningsþjónustu með 128 Kb/s flutningsgetu og hins vegar vegna mikils kostnaðar við fjárfestingar og rekstur notendalínukerfis á Vestfjörðum.

1.1.2. Stofnkostnaður vegna gagnaflutningsþjónustu með 128 Kb/s flutningsgetu

Varðandi gagnaflutningsþjónustuna kom fram að á Símanum hvíldi sú alþjónustukvöð að bjóða öllum landsmönnum upp á ofangreinda gagnaflutningsþjónustu. Af þessum sökum hefði félagið fjölgað símsstöðvum víðsvegar um landið og breytt línukerfinu. Ekki hefði verið farið út í þessa fjölgun símsstöðva nema vegna fyrrgreindra alþjónustukvaða. Stofnkostnaður væri nú kominn upp í rúmlega [...]¹ kr. og sýnt að ekki myndi nást inn fyrir honum miðað við sjáanlega tekjumöguleika frá þeim viðskiptavinum sem hefðu möguleika á að nýta sér þjónustuna. Þegar þær rúmu [...]² kr. sem Póst- og fjarskiptastofnun samþykkti að taka inn í heimtaugagjaldið á árslok 2002 hefðu verið dregnar frá næmi heildarstofnkostnaður tæpum [...]³ kr.

Viðbótartekjur af umræddri þjónustu væri litlar og að svo komnu væri ekki óskað eftir framlagi til að bæta halla af rekstri heldur eingöngu framlagi vegna stofnkostnaðar sem félagið hefði orðið að leggja út í til að uppfylla umrædda alþjónustukvöð. Síminn óskaði því eftir framlagi úr jöfnunarsjóði að fjárhæð 681.912.916 kr. sem skyldi greiddast með jöfnum greiðslum í 5 ár, eða 185.248.581 kr. á ári.

1.1.3. Rekstrar- og fjárfestingarkostnaður við notendalínukerfið á Vestfjörðum

Síminn óskaði eftir framlagi úr jöfnunarsjóði að fjárhæð 52.992.861 kr. vegna notendalínukerfis á Vestfjörðum árið 2003. Rekstrarkostnaður notendalínukerfisins á

¹ Fellt út vegna trúnaðar

² Fellt út vegna trúnaðar

³ Fellt út vegna trúnaðar

Vestfjörðum hefði numið rúmum [...] ⁴ kr. á árinu 2003 og árgreiðsla fjárfestinga rúmum [...] ⁵ kr. Tekjur að fjárhæð [...] ⁶ kr. kæmu til frádráttar.

Í umsókn Símans kom fram að rekstrar- og fjárfestingarkostnaður við notendalínukerfið á Vestfjörðum væri meira en tvöfalt hærri en þær tekjur sem væru af afnotagjaldi fyrir notendalínur á sama svæði. Verð hefði ekkert hækkað síðan í desember 2002 og ljóst væri að umtalsvert tap væri af rekstri notendalínukerfisins, sérstaklega á Vestfjörðum.

1.2. Bréf Póst- og fjarskiptastofnunar til Símans, dags. 9. nóvember 2004

1.2.1. Stofnkostnaður vegna gagnaflutningsþjónustu með 128 Kb/s flutningsgetu

Fram kom í bréfi Póst- og fjarskiptastofnunar að Síminn óskaði eingöngu eftir framlagi úr jöfnunarsjóði vegna stofnkostnaðar í tengslum við veitingu umræddrar þjónustu, en ekki eftir framlagi til að bæta halla af rekstri umræddrar gagnaflutningsþjónustu. Sérstaklega væri tiltekið í 5. mgr. 21. gr. fjarskiptalaga að fjárframlög vegna alþjónustukvaða skyldu að jafnaði miðuð við eitt ár í senn. Í umsókn Símans væri tekinn saman stofnkostnaður vegna áranna 2000 til 2003 og farið fram á greiðslur úr sjóðnum vegna rekstrarársins 2005, án þess að sýnt væri fram á hver kostnaður vegna alþjónustu kæmi til með að verða á því tiltekna ári.

Það var mat Póst- og fjarskiptastofnunar að umsókn Símans, eins og hún væri úr garði gerð, væri í ósamræmi við umrætt lagaákvæði og að fjarskiptalög og reglugerð um alþjónustu gengju út frá þeirri reglu að sækja þyrfti sérstaklega um framlag úr sjóðnum fyrir hvert ár fyrir sig. Ekki væri því unnt að safna upp stofnkostnaði eða rekstrartapi í nokkur ár vegna alþjónustu og krefjast síðan framlags úr sjóðnum fyrir liðinn tíma. Því taldi Póst- og fjarskiptastofnun ekki ástæðu til að gera nánari úttekt á þeim gögnum sem lágu til grundvallar kröfu Símans.

Símanum var gefið tækifæri á að bæta úr þeim annmörkum sem voru á umsókninni og var frestur veittur til 16. nóvember 2004 til að koma að nauðsynlegum leiðréttingum og upplýsingum ef ætlunin væri að óska eftir framlagi úr sjóðnum.

1.2.2. Rekstrar- og fjárfestingarkostnaður við notendalínukerfið á Vestfjörðum

Í bréfi Póst- og fjarskiptastofnunar kom fram að í 3. mgr. 19. gr. fjarskiptalaga væri talin upp sú þjónusta sem félli undir alþjónustu en það væri m.a. talsímaþjónusta og gagnaflutningsþjónusta með 128 Kb/s flutningsgetu. Þó svo rekstur notendalínukerfisins væri nauðsynleg forsenda þess að unnt væri að veita talsímaþjónustu liti Póst- og fjarskiptastofnun svo á að óheimilt væri að draga þann þátt rekstrarins út úr með þeim hætti sem Síminn gerði og fá þannig hugsanlegt tap af þjónustunni bætt úr jöfnunarsjóði án skýrrar lagaheimildar um að sjóðnum beri að borga tap af rekstri notendalínukerfisins.

⁴ Fellt út vegna trúnaðar

⁵ Fellt út vegna trúnaðar

⁶ Fellt út vegna trúnaðar

Þá benti Póst- og fjarskiptastofnun á að við ákvörðun á verði fyrir heimtaugaleigu í desember 2002 hefði verið miðað við að allt landið væri eitt gjaldsvæði. Heildarkostnaður hefði verið tekinn fyrir allt landið við ákvörðun heimtaugaleigu og því væri aukinn kostnaður á Vestfjörðum umfram önnur landssvæði innifalinn í heimtaugaleigunni. Því skapaðist sú hættu að félagið fengi tekjur bæði í gegnum heimtaugaleigu og í gegnum jöfnunarsjóð alþjónustu vegna notendalínukerfisins á Vestfjörðum. Það varð því niðurstaða Póst- og fjarskiptastofnunar að hafna bæri umsókn Símanis úr jöfnunarsjóði vegna rekstrar notendalínukerfisins á Vestfjörðum.

1.3. Nánar útfærð umsókn Símanis, dags. 17. nóvember 2004, um framlag úr jöfnunarsjóði alþjónustu vegna ársins 2005

1.3.1. Almenn

Fram kom í hinni nánar útfærðu umsókn Símanis að félagið hefði ákveðið að verða við tilmælum Póst- og fjarskiptastofnunar um nánari útfærslu á umsókninni. Í þessu fælist þó ekki viðurkenning á því að orðalag 21. gr. útilokaði að sótt væri um vegna liðinna ára. Þannig gæfi orðalag 5. mgr. 21. gr. svigrúm til að líta til fleiri ára, en þar kæmi fram að fjárframlög skyldu “*að jafnaði*” miðuð við eitt ár í senn. Svo sem fram kæmi í umsókninni væri nú hins vegar sótt um framlag vegna áætlaðs rekstrartaps ársins 2005, sem Síminn yrði fyrir vegna umræddra alþjónustukvaða. Umsóknin tæki mið af fyrirmælum 9. gr. alþjónustureglugerðar nr. 641/2000, með síðari breytingum, þ.e. stuðst væri við viðurkenndar aðferðir við útreikninga á “viðvarandi umframkostnaði.” Væri þetta í samræmi við niðurstöðu fundar aðila þann 12. nóvember.

Þá kom fram að Síminn féllist ekki á unnt væri að hafna því að taka til umfjöllunar þann hluta umsóknarinnar sem liti að rekstri notendalínukerfisins á Vestfjörðum, enda væri það viðurkennt af Póst- og fjarskiptastofnun að rekstur notendalínukerfisins væri nauðsynleg forsenda þess að hægt væri að veita talsímaþjónustu. Almenn talsímaþjónusta væri svo aftur hluti af alþjónustukvöð Símanis. Umsóknin hefði hins vegar verið löguð að ábendingum Póst- og fjarskiptastofnunar og einungis væri sótt um framlag vegna áætlaðs rekstrartaps á árinu 2005.

1.3.2. Umsókn um framlag vegna áætlaðs rekstrartaps ársins 2005 af gagnaflutningsþjónustu með 128 Kb/s flutningsgetu

Í endurnýjaðri umsókn Símanis var gerð grein fyrir forsendum útreikninga vegna áætlaðs rekstrartaps ársins 2005 af gagnaflutningsþjónustunni. Fram kom að tekinn hefði verið saman áætlaður viðbótarrekstrarkostnaður sem leggja hefði þurft útí til að uppfylla umrædda alþjónustukvöð.

Rekstrarkostnaður samanstæði af almennum rekstrarkostnaði sem sérstaklega væri tilkominn vegna þessara fjárfestinga, ásamt afskriftum og kostnaði vegna fjárbindingar. Í samræmi við fyrirmæli Póst- og fjarskiptastofnunar skyldu afskriftir og kostnaður vegna fjárbindingar reiknaðar í formi árgreiðslu. Árgreiðslur ársins 2005 væru framreiknaðar með meðalvísitölu byggingarkostnaðar á kaupári til áætlaðrar meðalvísitölu fyrir árið 2005. Annar rekstrarkostnaður miðaðist við áætlaðan kostnað, en hann byggði á

raunkostnaði áráanna 2003 og 2004. Tekjur miðuðust við áætlaðan fjölda viðskiptavina með ISDN á árinu 2005. WACC-hlutfall væri reiknað [...]⁷. Gert væri ráð fyrir að fjárfestingar ársins 2005 við ISDN væðingu í sveitum næmu u.þ.b. [...]⁸ kr.

Fram kom að Síminn óskaði eftir framlagi að fjárhæð kr. 135.609.403 vegna ársins 2005. Árgreiðslur næmu rúmum [...]⁹ kr. og annar rekstrarkostnaður rúmum [...]¹⁰ kr. eða samtals tæpum [...]¹¹ kr. Viðbótartekjur sem kæmu til frádráttar næmu rúmum [...]¹² kr.

1.3.3. Umsókn um framlag vegna áætlaðs rekstartaps ársins 2005 af veitingu almennrar talsímabjónustu á Vestfjörðum

Í umsókn Símans kom fram að gert væri ráð fyrir 7% hækkun kostnaðar frá árinu 2003 til 2005 og árgreiðsla væri einungis reiknuð af þeim fjárfestingum sem væru tilkomnar frá árinu 1998. Fjárfestingar á árinu 2004 næmu í lok september rúmum [...]¹³ kr. og væri áætlað að þær næmu [...]¹⁴ kr. í árslok 2004. Fjárfestingar á árinu 2005 væru áætlaðar [...]¹⁵ kr. Ekki væri gert ráð fyrir aukningu tekna á árinu 2005.

Niðurstöður útreikninga Símans væru á þá leið að árgreiðsla fjárfestinga á árinu 2005 næmi rúmum [...]¹⁶ kr. og annar rekstrarkostnaður rúmum [...]¹⁷ kr. Samtals væri kostnaður áætlaður rúmar [...]¹⁸ kr. árið 2005 vegna veitingu almennrar talsímabjónustu á Vestfjörðum. Tekjur væru áætlaðar rúmar [...]¹⁹ kr. og væri tapið því áætlað kr. 34.527.982 sem væri það framlag úr jöfnunarsjóði sem Síminn óskaði eftir.

1.4. Bréf Póst- og fjarskiptastofnunar til Símans, dags. 8. desember 2004

Fram kom í bréfi Póst- og fjarskiptastofnunar að stofnunin gæti ekki ákvarðað þann kostnað sem Síminn hefði af alþjónustu, sbr. 2. mgr. 21. gr. fjarskiptalaga, miðað við þær upplýsingar sem nú lögju fyrir um kostnað og tekjur Símans af þeim alþjónustukvöðum sem sótt væri um framlag fyrir. Fram þyrfti að fara miklu ítarlegri greining á þeim kostnaði sem til félli og heimfæra mætti undir viðbótarkostnað vegna alþjónustu. Óumflýjanlegt væri við þá vinnu að taka mið af “net cost” aðferðarfræði sem beitt væri innan Evrópu. Stofnunin myndi því á næstu vikum halda áfram að þróa umrætt umræðuskjal og væntanlega kalla eftir ráðgjöf erlendis frá. Með þessu væri stofnunin þó ekki að hafna umsókn Símans um framlag úr jöfnunarsjóði alþjónustu.

⁷ Fellt út vegna trúnaðar

⁸ Fellt út vegna trúnaðar

⁹ Fellt út vegna trúnaðar

¹⁰ Fellt út vegna trúnaðar

¹¹ Fellt út vegna trúnaðar

¹² Fellt út vegna trúnaðar

¹³ Fellt út vegna trúnaðar

¹⁴ Fellt út vegna trúnaðar

¹⁵ Fellt út vegna trúnaðar

¹⁶ Fellt út vegna trúnaðar

¹⁷ Fellt út vegna trúnaðar

¹⁸ Fellt út vegna trúnaðar

¹⁹ Fellt út vegna trúnaðar

1.5. Bréf Símans til Póst- og fjarskiptastofnunar, dags. 22. desember 2004.

Í bréfi Símans kom m.a. fram að félagið hefði sent umsókn um framlög úr jöfnunarsjóði innan lögmæltra tímamarka. Umsóknin ætti sér stoð í 21. gr. gildandi fjarskiptalaga. Eftir að hafa móttengið umsókn Símans innan lögmæltis frests hafi skylda Póst- og fjarskiptastofnunar staðið til að ákvarða kostnað vegna alþjónustukvaða. Lagaskylda stæði einnig til að endurskoða fjárþörf jöfnunarsjóðs árlega. Þar sem lagabreyting væri nauðsynleg stæði lagaskylda stofnunarinnar til þess að skila samgönguráðherra tillögu um breytt gjaldhlutfall það tímanlega að slík tillaga gæti fengið þinglega meðferð á haustþingi. Slíkt væri nauðsynlegt enda tæki umsókn Símans til fjárframlags frá og með 1. janúar 2005.

Fram kom að samkvæmt lokamálslið 1. mgr. 21. gr. bæri að birta reglur um mat á kostnaði við alþjónustu í reglugerð. Þær reglur sem giltu að íslenskum rétti væri að finna í 9. gr. reglugerðarinnar. Úttekt Póst- og fjarskiptastofnunar skyldi samkvæmt ákvæðinu vera *“í samræmi við viðurkenndar aðferðir, t.d. útreikninga á viðvarandi umframkostnaði”* og að við matið skyldi *“beita sömu reglum og um samtengingu skv. 1. tl. 1. mgr. 26. gr. laga nr. 107/1999 um fjarskipti.”* Umsókn Símans hefði tekið mið af þessum fyrirmælum og stuðst við þær aðferðir sem hingað til hefðu verið viðurkenndar af Póst- og fjarskiptastofnun, m.a. við mat á samtengigjöldum. Því hefði verið stuðst við þær einu leiðbeiningar sem væri að finna í gildandi rétti.

Fram kom að á fundinum með Póst- og fjarskiptastofnun þann 12. nóvember 2004 hefði félagið spurst fyrir um hvernig haga ætti útreikningum og þá sérstaklega varðandi fjárfestingar. Svar Póst- og fjarskiptastofnunar hefði verið að miða ætti við sömu útreikningsaðferðir og Síminn og Póst- og fjarskiptastofnun hefðu áður notað, þ.e. að reikna út jafnar árgreiðslur. Síminn hefði farið eftir fyrirmælum Póst- og fjarskiptastofnunar og framreiknað fjárfestingar og reiknað síðan árgjald af þeim á nákvæmlega sama hátt og áður hefði verið gert. Eins og fram hefði komið í umsókn Símans, væri eingöngu tekinn sá viðbótarkostnaður sem Síminn hefði þurft að leggja í til að geta veitt viðkomandi landsmönnum 128 Kb/s gagnaflytninguþjónustu. Frá þessum viðbótarkostnaði væru dregnar viðbótartekjur af afnotagjöldum sem félagið hefði af því að veita umrædda þjónustu. Þannig teldi Síminn sig hafa fylgt reglugerð um alþjónustu.

Þá byggði Síminn á að afstaða Póst- og fjarskiptastofnunar við val á aðferð við útreikninga væri verulega íþyngjandi fyrir félagið. Stjórnvaldi væri skylt að velja það úrræði sem vægast væri við val á milli tveggja skýringarkosta. Það væri viðurkennd lögskýringarregla að skýra lagaheimild þyrfti ef íþyngja ætti einstaklingum eða lögaðilum.

1.6. Ítrekun á umsókn Símans um framlag úr jöfnunarsjóði alþjónustu, dags. 22. september 2005

Í bréfi Símans kom fram að nú liði senn að því að frestur til að skila inn umsókn vegna ársins 2005 rynni út þann 15. október. Af þessum sökum væri sérstaklega bagalegt að stofnunin hefði ekki enn tekið endanlega afstöðu til framlaga vegna ársins 2005.

Samkvæmt meginreglu 1. mgr. 9. gr. stjórnssýslulaga bæri að taka ákvörðun í málum eins fljótt og auðið væri.

1.7. Bréf Póst- og fjarskiptastofnunar til Símans, dags. 21. nóvember 2005

1.7.1. Framlag vegna kvaðar um 128 Kb/s gagnaflutningsþjónustu til allra landsmanna

Fram kom að Póst- og fjarskiptastofnun hefði lokið við skjal er sýndi niðurstöður útreikninga á óefnislegum þáttum sem ættu að mati Póst- og fjarskiptastofnunar að koma til frádráttar framlagi Símans. Símanum væri gefinn kostur á að skila inn umsögn um niðurstöðurnar og aðferðarfræði Póst- og fjarskiptastofnunar. Ef athugasemdir Símans þættu gefa tilefni til að lækka fjárhæð hinna óefnislegu þátta, væri að mati Póst- og fjarskiptastofnunar nauðsynlegt að afmarka nánar bæði kostnað og tekjur Símans af ISDN þjónustu, umfram það sem þegar hefði verið gert í umsókn Símans. Hjálagt bréfi þessu væri spurningalisti sem væri ætlað að taka á þessum atriðum.

1.7.2. Framlag vegna kostnaðar við rekstur notendalínukerfisins á Vestfjörðum

Póst- og fjarskiptastofnun hafnaði því að Síminn ætti rétt á framlagi vegna notendalínukerfis á Vestfjörðum. Samkvæmt 3. mgr. 19. gr. fjarskiptalaga væri talsímaþjónusta flokkuð sem alþjónusta og þó svo rekstur notendalínukerfisins væri nauðsynleg forsenda þess að hægt væri að veita talsímaþjónustu teldi Póst- og fjarskiptastofnun að óheimilt væri að draga þann þátt út úr með þeim hætti sem Síminn gerði í umsókn sinni.

1.8. Bréf Símans til Póst- og fjarskiptastofnunar, dags. 28. nóvember 2005

1.8.1. Framlag vegna kvaðar um 128 Kb/s gagnaflutningsþjónustu til allra landsmanna

Síminn mótmælti því að “net cost” aðferðafræðin rúmaðist innan orðalags 9. gr. reglugerðar um alþjónustu.

1.8.2. Framlag vegna kostnaðar við rekstur notendalínukerfisins á Vestfjörðum

Samkvæmt 9. gr. reglugerðar um alþjónustu kæmi fram að þegar alþjónustuveitandi teldi að einhverjir þættir þjónustunnar yrðu ekki reknir nema með tapi eða væru óarðbærir, t.d. í ákveðnum landshlutum gæti hann krafist þess af Póst- og fjarskiptastofnun að honum yrði með fjárframlögum tryggt eðlilegt endurgjald fyrir þá þætti alþjónustunnar. Það hlýti að teljast ómálefnaleg stjórnssýsla að hafna umsókn Símans vegna Vestfjarða, sem þó ætti sér skýra lagastoð í ákvæðum reglugerðar, á sama tíma og Póst- og fjarskiptastofnun gripi til “net cost” aðferðarfræði til að hafna umsókninni í heild.

1.9. Ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar vegna umsóknar Símans um framlag úr jöfnunarsjóði alþjónustu, dags. 22. desember 2005

Póst- og fjarskiptastofnun taldi að “net cost” aðferðin við útreikning á kostnaði við alþjónustukvaðir rúmaðist innan 9. gr. alþjónustureglugerðar. Umsókn Símans um

framlag úr jöfnunarsjóði alþjónustu, dags. 14. október 2004 og 17. nóvember 2004, var því hafnað. Meðal annars var vísað til þess að samkvæmt 3. mgr. 21. gr. fjarskiptalaga skyldi Póst- og fjarskiptastofnun krefjast þess að hið útnefnda fjarskiptafyrirtæki upplýsti nákvæmlega um hvert rekstrartapið af starfseminni væri og hvernig það sundurliðaðist. Þau gögn sem lögð hefðu verið fyrir Póst- og fjarskiptastofnun væru ekki þess eðlis að nægjanlega væri leitt í ljós hvert raunverulegt tap Símans af veitingu alþjónustu væri.

1.10. Stjórnarsýslukæra Símans, dags. 10. janúar 2006

Síminn kærði ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála. Af hálfu Símans var þess krafist að úrskurðarnefndin felldi hina kærðu ákvörðun alfarið úr gildi og legði jafnframt fyrir Póst- og fjarskiptastofnun að ákvarða um kostnað vegna alþjónustukvaða á grundvelli umsókna Símans, dags. 14. október og 17. nóvember 2004.

Fram kom að umsókn Símans um framlög úr jöfnunarsjóði alþjónustu, dags. 14. október 2004, hefði átt sér stoð í 1. mgr. 21. gr. fjarskiptalaga nr. 81/2003. Þar kæmi fram í lokamálslið að reglur um mat á kostnaði skyldi birta í reglugerð um alþjónustu. Að öðru leyti væru löggin þögn um hvernig farið skyldi að við mat á umræddum kostnaði. Einu reglur laga í víðri merkingu um mat á kostnaði við að veita alþjónustu væri að finna í 9. gr. alþjónustureglugerðar nr. 641/2000. Á meðan þessi ákvæði reglugerðarinnar gengju ekki í berhögg við ákvæði settra laga bæri að leggja þau til grundvallar. Síminn hefði orðið við boði Póst- og fjarskiptastofnunar um að útfæra umsókn sína nánar og sent inn nánar útfærða umsókn þann 17. nóvember 2004. Það væri mat Símans að öll upplýsingaöflun sem byggðist á “net cost” aðferðinni skorti lagastoð og væri af þeirri ástæðu ólögmat.

1.11. Skriflegar athugasemdir Póst- og fjarskiptastofnunar við stjórnarsýslukæru Símans, dags. 7. febrúar 2006

Fram kom í skriflegum athugasemdum Póst- og fjarskiptastofnunar að í kæru Símans kæmi fram að á fundi með Póst- og fjarskiptastofnun hefði verið spurst fyrir um það hvernig haga ætti útreikningum og þá sérstaklega varðandi fjárfestingar. Svar Póst- og fjarskiptastofnunar varðandi fjárfestingar hefði verið á þá leið að miða ætti við sömu aðferðir og Síminn og Póst- og fjarskiptastofnun hefðu áður notað, þ.e. að reikna út jafnar árgreiðslur. Þarna hefði hins vegar eingöngu verið um að ræða hluta af ferlinu, þ.e. að finna út kostnað vegna alþjónustu sem væri hægt að forðast ef engin alþjónusta væri fyrir hendi. Aðferðafræði sem hægt væri að beita þar væri m.a. LRIC (*langtíma viðbótarkostnaður*) og HCA (*sögulegur kostnaður*). Að því loknu þyrfti að draga tekjur af þjónustunni frá kostnaðinum. Þá væri kominn fram beinn nettó kostnaður. Því næst þyrfti að draga óbeinan hag alþjónustuveitanda af því að veita alþjónustuna frá beinum nettó kostnaði.

1.12. Úrskurður úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála nr. 2/2006, dags. 3. mars 2006

Fram kom að með bréfi, dags. 14. október 2004, hefði Síminn sent Póst- og fjarskiptastofnun umsókn um framlag úr jöfnunarsjóði alþjónustu. Póst- og fjarskiptastofnun hefði svarað með bréfi, dags. 9. nóvember 2004. Þar kom m.a. fram að aðilar málsins hefðu verið ósammála strax á upphafsstigum málsins um hvort miða skyldi við “net cost” aðferðina. Í endurnýjaðri umsókn, dags. 17. nóvember 2004, hefði Síminn sótt um lægra framlag en í upphaflegu umsókninni. Eftir frekari bréfaskipti aðila á næstu mánuðum hefði Póst- og fjarskiptastofnun hafnað umsókn Símans hf. með bréfi, dags. 22. desember 2005. Sú ákvörðun hefði hér með verið kærð til úrskurðarnefndar.

Úrskurðarnefndin átalði Póst- og fjarskiptastofnun fyrir tafir á meðferð málsins og taldi að aðalágreiningur aðila stæði efnislega um það hvort “net cost” aðferðin rúmaðist innan þess lagaramma sem í gildi var þegar umsóknin var afgreidd af Póst- og fjarskiptastofnun. Fram kom að við úrslausn málsins þyrfti að skýra ákvæði 21. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti og ákvæði reglugerðar um alþjónustu nr. 641/2000 sem sett hefði verið til fyllingar og þá sérstaklega 9. gr. reglugerðarinnar. Texti reglugerðarinnar gerði kröfu um viðurkenndar aðferðir og jafnvel þó ekki væri gerð slík krafa nægði reglugerð ein og sér ekki til þess að leggja íþyngjandi kvaðir á borgarana. Sá langi dráttur sem orðið hafi í málinu benti eindregið til þess að “net cost” aðferðarfræðin hafi ekki verið meðal viðurkenndra aðferða sem til voru þegar Síminn sendi inn umsókn sína.

Þá kom fram að Póst- og fjarskiptastofnun hafi borið að úrskurða í málinu innan þess lögbundna frests sem stofnunin hafði. Að nokkru leyti væri skiljanlegt að dráttur hefði verið á úrskurði þar sem breytingar hefðu verið gerðar á umsókn Símans og **endanlegt eintak** ekki borist stofnuninni fyrr en tveimur dögum eftir að fresturinn var liðinn. (*leturbr. undirritaðs*) Ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar var því úrskurðuð ógild og Póst- og fjarskiptastofnun gert að ákvarða þann kostnað sem Síminn hafði af alþjónustu á því tímabili sem um ræddi. Við þá ákvörðun skyldi notast við viðurkenndar aðferðir sem heimild hefði verið fyrir í lögum nr. 81/2003, en í reglugerðinni væri skýrt kveðið á um að við mat á kostnaði skyldi notast við sömu aðferð og um samtengingu væri að ræða.

Fram kom að ágreiningur væri á milli aðila um hvort þegar lægju fyrir þær upplýsingar sem þyrfti til þess að Póst- og fjarskiptastofnun gæti tekið afstöðu í málinu. Póst- og fjarskiptastofnun væru veittar mjög rúmar heimildir til rannsóknar í málinu með reglugerð 641/2000 um alþjónustu og samkvæmt 10. gr. reglugerðarinnar bæri Símanum að svara öllum fyrirspurnum sem kynnu að varða málið, auk þess sem það væri hagar beggja aðila að samvinna væri góð svo sem auðveldast væri að komast að rétttri niðurstöðu. Þá kom að lokum fram að ef Póst- og fjarskiptastofnun teldi að nægilegar upplýsingar hefðu ekki komið fram í umsókn Símans bæri stofnuninni að upplýsa Símann um það sem fyrst og nýta sér þær heimildir sem stofnunin hefði til rannsóknar til þess að safna gögnum svo ákvörðun yrði tekin sem fyrst.

1.13. Bréf Símans til Póst- og fjarskiptastofnunar, dags. 9. mars 2006

1.13.1. Inngangur

Að mati Símans væri málið aftur á byrjunarreit, en úrskurðarnefndin hefði lagt mikla áherslu á tafarlausa afgreiðslu þess héðan í frá. Af þeim sökum sæi Síminn ekki ástæðu til að endurvinna umsóknir sínar frá 14. október og 17. nóvember 2004, enda kæmi ekki fram í úrskurði nefndarinnar að þær hefðu verið ófullkomnar, þrátt fyrir að Póst- og fjarskiptastofnun hefði byggt á því fyrir nefndinni.

Varðandi málshraða lagði Síminn til grundvallar að málshraði stofnunarinnar yrði héðan í frá í samræmi við lög. Úr því sem komið væri gæti Póst- og fjarskiptastofnun aldrei tekið sér lengri tíma til að ákvarða kostnað vegna alþjónustukvaða en 4 vikur frá því að umsókn þessi bærst stofnuninni. Byggði þessi skýring á þeim mánaðarfresti sem Póst- og fjarskiptastofnun hefði samkvæmt 9., sbr. 10. gr., reglugerðar um alþjónustu. Póst- og fjarskiptastofnun hefði átt að ákvarða um þá umsókn eigi síðar en 15. nóvember 2004.

1.13.2. Kröfugerð Símans varðandi 128 Kb/s gagnaflutningsþjónustu

Fram kom að Síminn færi fram á 681 millj. kr. framlag úr jöfnunarsjóði vegna gagnaflutningsþjónustunnar sem bæri að greiða þegar í stað. Til vara væri þess krafist að fjárhæðin yrði greidd með jöfnum greiðslum í fimm ár. Byggðist kröfugerðin á umsókn félagsins, dags. 14. október 2004. Einungis væri óskað eftir framlagi vegna stofnkostnaðar en ekki til að bæta úr halla af rekstri. Það væri mat Símans að engin lagaákvæði stæðu því í vegi að sótt væri um fjárframlög vegna kostnaðar við ISDN uppbyggingu í sveitum á árunum 2000 til 2003. Vegna athugasemda Póst- og fjarskiptastofnunar í bréfi, dags. 9. nóvember 2004, þess efnis að umsóknin færi gegn 5. mgr. 21. gr. fjarskiptalaga, væri tekið fram að Síminn hefði aldrei fallist á þá túlkun. Þá hefði úrskurðarnefnd engar athugasemdir gert við umsóknir Símans.

Í 5. mgr. 21. gr. kæmi fram að fjárframlög skyldu að jafnaði miðuð við eitt ár í senn. Væri 21. gr. lesin heildstætt væri ótvírætt að með fjárframlögum væri átt við framlög sem greidd væru úr jöfnunarsjóði til umsækjanda. Þannig kæmi fram í 1. mgr. að fyrirtæki gæti „*sótt um til Póst- og fjarskiptastofnunar að því verði með fjárframlögum tryggt eðlilegt endurgjald fyrir þá starfsemi sem um ræðir.*” Sú takmörkun að fjárframlögin til umsækjanda miðuðust að jafnaði við eitt ár í senn þrengdi að engu leyti heimildir umsækjanda til að fara fram á greiðslur vegna útlagðs kostnaðar sem næði yfir ákveðið árabíl. Ef ætlun löggjafans hefði verið að takmarka umsóknir við útlagðan kostnað vegna árs í senn hefði þurft að orða þá reglu skýrt í lögum. Engar slíkar kvaðir væri að finna í lögum. Því gæti stjórnvald ekki lagt þá íþyngjandi kvöð á Símann að miða umsóknina við kostnað sem til félli á einu tilteknu ári. Leiddi þetta af þeirri meginreglu, sem úrskurðarnefndin fjallaði um í forsendum sínum, að stjórnvaldsaðgerðir einar og sér væru ekki nægjanlegar til að íþyngja borgurunum.

Umræðunnar vegna væri þess utan ákveðið svigrúm veitt með orðalaginu „*að jafnaði*” í 5. mgr. 21. gr. Jafnvel þótt fallist yrði á þá fráleitu skýringu að með fjárframlagi í

skilningi 5. mgr. væri átt við útlagðan kostnað umsækjanda girti ákvæðið samkvæmt orðanna hljóðan alls ekki fyrir að sótt væri um vegna nokkurra ára í senn.

1.13.3. Kröfugerð Símans varðandi almenna talsímabjónustu á Vestfjörðum

Þessi þáttur umsóknarinnar byggði á umsókn félagsins, dags. 17. nóvember 2004. Með þessu væri að hluta til komið til móts við athugasemdir Póst- og fjarskiptastofnunar. Þannig væri til að mynda ekki farið fram á greiðslu úr jöfnunarsjóði vegna fjárfestingakostnaðar sem til féll áður en opnað hefði verið fyrir samkeppni á fjarskiptamarkaði árið 1998. Síminn hafnaði því hins vegar alfarið að óheimilt væri að taka út Vestfirði og sækja um vegna þess landshluta, enda stæðist sú afstaða Póst- og fjarskiptastofnunar ekki einfalda skoðun á 9. gr. alþjónustureglugerðar. Þar segði berum orðum að heimilt væri að krefjast þess að óarðbærir þættir starfseminnar, t.d. í ákveðnum landshlutum, fengjust með fjárframlögum endurgoldnir.

1.14. Fyrirspurnarbréf Póst- og fjarskiptastofnunar til Símans, dags. 27. apríl 2006

Með vísan til niðurstöðu úrskurðar úrskurðarnefndar og þess að rauntölur lægju nú fyrir varðandi rekstrarárin 2004 og 2005 fór Póst- og fjarskiptastofnun fram á að Síminn afhenti stofnuninni nánar tilgreindar tölulegar upplýsingar er vörðuðu umrædda alþjónustu vegna rekstraráranna 2004 og 2005. Væri þetta liður í úttekt stofnunarinnar á hagkvæmni rekstrarins, þ.á.m. tekjum og gjöldum, sbr. 9. gr. reglugerðar um alþjónustu. Í framhaldinu væri gert ráð fyrir að KPMG á Íslandi hf. gerði úrtök úr bókhaldi Símans ef umbeðnar upplýsingar gæfu tilefni til frekari skoðunar.

Þær upplýsingar sem óskað var eftir vörðuðu m.a. tekjur af stofngjöldum, fastagjaldi, og símtölum frá notendum símstöðva á Vestfjörðum og tekjur af símtölum til notenda umræddra símstöðva. Varðandi gagnaflutningsþjónustuna var óskað eftir upplýsingum um tekjur af stofngjöldum áskrifenda umræddra símstöðva, tekjur af notkun í gagnaflutningi frá ISDN notendum sömu símstöðva og tekjur af notkun í gagnaflutningi til ISDN notenda umræddra símstöðva.

1.15. Bréf Símans til Póst- og fjarskiptastofnunar, dags. 12. maí 2006

Með bréfi til Póst- og fjarskiptastofnunar, dags. 12. maí 2006, neitaði Síminn að afhenda stofnuninni umbeðnar upplýsingar sökum þess hve mikið málið hafi dragist á langinn, auk þess sem um verulega íþyngjandi kostnaðargreiningu og upplýsingaöflun væri að ræða.

1.16. Ítrekað fyrirspurnarbréf Póst- og fjarskiptastofnunar til Símans, dags. 22. maí 2006

Fram kom að Póst- og fjarskiptastofnun liti svo á að stofnunin ætti að ákvarða alþjónustuframlag Símans vegna rekstrarársins 2005 miðað við þær forsendur sem fram hefðu komið í endanlegu eintaki umsóknarinnar, dags. 17. nóvember 2004. Símanum væri ekki heimilt að senda inn nýja umsókn 9. mars 2006 enda væri umsóknarfresturinn fyrir rekstrarárið 2005 þá löngu liðinn. Þá mótmælti Póst- og fjarskiptastofnun því alfarið

að málið væri sett í ómálefnalegan farveg með því að ráða sérfróða ráðgjafa og óska eftir að Síminn afhenti nánar tiltekna upplýsingar sem stofnunin og ráðgjafar hennar töldu nauðsynlegar til að geta framkvæmt úttekt á hagkvæmni umræddrar alþjónustu, þ.á.m. tekjum og gjöldum. Mikilvægast væri að málið væri rannsakað með fullnægjandi hætti þannig að rétt niðurstaða fengist innan eðlilegra tímamarka.

Póst- og fjarskiptastofnun mótmælti því alfarið að umrædd upplýsingaöflun þyrfti að hafa í för með sér gríðarlega íþyngjandi kostnaðargreiningu fyrir Símann ef félagið hefði farið eftir þeim ákvæðum fjarskiptalaga og alþjónustureglugerðar sem giltu um framlög úr jöfnunarsjóði alþjónustu. Í 6. mgr. 21. gr. fjarskiptalaga kæmi m.a. fram að ef hluti af starfsemi fjarskiptafyrirtækis væri háður fjárframlögum samkvæmt ákvæðinu skyldi sá þáttur starfseminnar vera bókhaldslega aðskilinn frá annarri starfsemi fyrirtækisins.

Póst- og fjarskiptastofnun ítrekaði þá beiðni að Síminn afhenti stofnuninni þær upplýsingar sem óskað hefði verið eftir með bréfi til félagsins, dags. 27. apríl 2006. Að mati stofnunarinnar væru umbeðin gögn nauðsynleg svo stofnunin og ráðgjafar hennar gætu sannreynt að Síminn ætti rétt á fjárframlagi vegna umræddra alþjónustuskyldna og ef svo væri hversu hátt það ætti að vera. Að lokum var það sérstaklega tekið fram að það væri viðurkennt sjónarmið í stjórnsluréli að yrði aðili ekki við ítrekuðum tilmælum stjórnvalds um að afla þeirra upplýsinga sem ætlast mætti til af honum gæti stjórnvald oft skýrt þögn aðila eða aðgerðarleysi honum í óhag. Því gæti aðgerðarleysi Símans í þessu tilviki orðið til þess að Póst- og fjarskiptastofnun hafnaði umsókn félagsins með vísan til skorts á umræddum upplýsingum.

1.17. Svar Símans við fyrirspurn Póst- og fjarskiptastofnunar, dags. 6. júní 2006

1.17.1. Upplýsingar um 128 Kb/s gagnaflutningsþjónustu

Fram kom að eignfærðar fjárfestingar hefðu numið rúmum [...] ²⁰ kr. á árinu 2004 og rúmum [...] ²¹ kr. á árinu 2005. Engar fjárfestingar væru gjaldfærðar nema í formi afskrifta. Rekstrarkostnaður við húseignir og símstöðvar, afskriftir og vextir, næmi rúmum [...] ²² kr. árið 2004 og rúmum [...] ²³ kr. árið 2005. Ávöxtunarkrafa miðaðist síðan við efnahag móðurfélags 31. desember 2005 og væri reiknuð með sama hætti og Póst- og fjarskiptastofnun hefði ákveðið. Samkvæmt því væri WACC-hlutfall [...] ²⁴.

Varðandi tekjuskráningu fyrir árið 2004 og 2005 kom fram að keyrður hefði verið út listi yfir þau símanúmer sem væru með ISDN í júní 2006 og tilheyrðu umræddum símstöðvum. Fjöldi símanúmera væri rétt um [...] ²⁵. Hins vegar hefði fjöldi ISDN notenda í þessum símstöðvum verið [...] ²⁶. Tekjur af stofngjöldum áskrifenda í

²⁰ Fellt út vegna trúnaðar

²¹ Fellt út vegna trúnaðar

²² Fellt út vegna trúnaðar

²³ Fellt út vegna trúnaðar

²⁴ Fellt út vegna trúnaðar

²⁵ Fellt út vegna trúnaðar

²⁶ Fellt út vegna trúnaðar

umræddum símsstöðvum hefði numið kr. [...] ²⁷ árið 2004 og kr. [...] ²⁸ árið 2005. Síminn gæti aðeins gefið upplýsingar um tekjur af gagnaflutningi frá umræddum notendum fyrir tímabilið frá apríl 2005, þar sem fyrir þann tíma hefði þessi umferð ekki verið skilgreind sérstaklega. Tekjur á þessu tímabili fyrir árið 2005 næmu rúmum [...] ²⁹ kr. Umreiknað á ársgrundvöll næmu tekjurnar rúmum [...] ³⁰ kr. Síminn greiddi viðkomandi gagnaveitum uppgjörsgjöld vegna þessarar umferðar. Líklegt væri að kostnaður Símans næmi kr. [...] ³¹ kr. Nettó tekjur væru því [...] ³² kr. á ársgrundvelli. Ekki væri um að ræða tekjur af notkun í gagnaflutningi til ISDN notenda þar sem gagnaumferð færi einungis í eina átt, þ.e. frá notanda til gagnaveitu.

1.17.2. Upplýsingar um notendalínukerfið

Fram kom að í umsókn Símans, dags. 17. nóvember 2004, hefði í fyrirsögn verið rætt um framlag úr jöfnunarsjóði vegna talsímaþjónustu á Vestfjörðum. Eins og meginmál og öll gögn sem fylgdu umsókninni bæru með sér væri um að ræða umsókn vegna reksturs notendalínukerfis á Vestfjörðum sem væri vissulega nauðsynlegur þáttur í því að veita talsímaþjónustu á svæðinu. Þar sem samkvæmt gögnum Símans væri eingöngu miðað við notendalínukerfið teldi Síminn rétt að meðferð Póst- og fjarskiptastofnunar á umsókninni væri í samræmi við það. Auk þess væru nokkrar ástæður fyrir því að Síminn hefði ekki sótt um framlag vegna reksturs talsímaþjónustunnar í heild:

- **Bókhaldsleg og fjárhagsleg aðgreining.** Símanum bæri skylda til að halda fjárhag sínum aðgreindum. Rekstur notendalínukerfisins væri því aðgreindur frá talsímaþjónustu í samræmi við lög og reglur. Síminn teldi eðlilegt að unnt væri að sækja um framlag úr jöfnunarsjóði vegna einstakra þátta starfseminnar enda væri óheimilt að niðurgreiða eina þjónustu með annarri.
- **Óviðunandi afkoma af rekstri notendalínukerfisins.** Þrátt fyrir að kostnaður vegna reksturs notendalínukerfis á Vestfjörðum hefði verið inn í útreikningi á heimtaugum þegar kostnaðargreining hefði síðast farið fram árið 2002 hefði strax verið ljóst að afkoma notendalínukerfisins yrði óviðunandi. Póst- og fjarskiptastofnun hefði t.d. fellt niður ýmsan kostnað sem tilheyrði notendalínukerfinu og fjárhæðir í útreikningi hefðu verið allt að tveggja ára gamlar þegar heimtaugagjaldið var reiknað.
- **Kostnaðargreining á talsímaþjónustu yrði bæði mjög matskennd og tímafrek.** Stór hluti af rekstri símsstöðva og húseigna væri í formi sameiginlegs kostnaðar sem ekki væri sérstaklega aðgreindur niður á staði og þyrfti að skipta þessum kostnaði niður á einstakar húseignir og símsstöðvar. Öðrum sameiginlegum kostnaði þyrfti einnig að skipta með einhverjum hætti, enda hluti af kostnaði við talsímaþjónustu. Það yrði ekki gert á nokkrum dögum.

²⁷ Fellt út vegna trúnaðar

²⁸ Fellt út vegna trúnaðar

²⁹ Fellt út vegna trúnaðar

³⁰ Fellt út vegna trúnaðar

³¹ Fellt út vegna trúnaðar

³² Fellt út vegna trúnaðar

- **Ekki væri mögulegt að veita allar upplýsingar um fjölda símtala og mínútna, auk þess sem villuhætta væri við úrvinnslu gagnanna.**

Varðandi tekjuskráningu áráanna 2004 og 2005 kom fram að við útreikning á tekjum af heimplaugum væri miðað við meðalfjölda fasttengdra notenda í símsstöðvum 1. janúar 2004 og 2005 annars vegar og 1. janúar 2005 og 2006 hins vegar. Fjöldi notenda með skiptan aðgang og leigulínur miðaðist við innheimtu á póstnúmersvæði Vestfjarða. Fjöldi ígildislína væri fundinn þannig að leigulínur og skiptur aðgangur væri umreiknaður í fjölda heimplauga miðað við hlutfall verðs á viðkomandi línum samanborið við heimplaugar. Fjöldi ígildislína hefði verið [...] ³³ árið 2004 og [...] ³⁴ árið 2005. Miðað væri við 825 kr. á heimplaug á mánuði fram til 1. apríl 2005 en 862 kr. eftir það. Tekjur næmu því rúmum [...] ³⁵ kr. árið 2004 og rúmum [...] ³⁶ kr. árið 2005.

1.18. Beiðni Póst- og fjarskiptastofnunar til KPMG um úttekt á rekstrarafkomu Símans vegna umsóknar um alþjónustuframlag, dags. 13. júlí 2006

Póst- og fjarskiptastofnun fól KPMG að gera úttekt á rekstrarafkomu Símans vegna umsóknar félagsins um framlag úr jöfnunarsjóði alþjónustu að því er varðaði þá alþjónustukvöð Símans að bjóða öllum landsmönnum upp á gagnaflutningsþjónustu upp að 128 Kb/s. Vísað var til 4. mgr. 21. gr. fjarskiptalaga nr. 81/2003 og 3. mgr. 3. gr. laga um Póst- og fjarskiptastofnun nr. 69/2003. Umsóknin tæki til rekstrarársins 2005 og byggði á áætluðum tölum af hálfu Símans. Nú lægju hins vegar fyrir rauntölur varðandi rekstrarárið 2005 og þætti rétt að byggja á þeim tölum í stað hinna áætluðu.

KPMG væri gert að kanna áreiðanleika þeirra tölulegu gagna sem fram komu í endanlegri umsókn Símans, dags. 17. nóvember 2004, og bréfi Símans til Póst- og fjarskiptastofnunar, dags. 6. júní 2006, og þær reikningshaldslegu forsendur sem umrædd gögn byggðust á. Þá væri farið fram á að KPMG veitti faglega umsögn um nánar tilgreind reikningshaldsleg atriði sem máli gætu skipt er Póst- og fjarskiptastofnun ákvarðaði endanlegan kostnað Símans vegna umræddra alþjónustukvaða. Þá óskaði stofnunin eftir því að KPMG skoðaði sérstaklega þrettán nánar tilgreind atriði í þessu sambandi.

1.19. Skýrsla KPMG, dags. 12. september 2006

Fram kom að KPMG hafi lokið skoðun á völdum atriðum til að kanna áreiðanleika þeirra tölulegu gagna sem fram komu í endanlegri umsókn Símans, dags. 17. nóvember 2004, og bréfi Símans, dags. 6. júní 2006, og þær reikningshaldslegu forsendur sem umrædd gögn byggðust á.

1.19.1. Fjárfestingar Símans í [...] ³⁷ nýjum símsstöðvum á árunum 2000-2004

³³ Fellt út vegna trúnaðar

³⁴ Fellt út vegna trúnaðar

³⁵ Fellt út vegna trúnaðar

³⁶ Fellt út vegna trúnaðar

³⁷ Fellt út vegna trúnaðar

Fram kom að samkvæmt upplýsingum starfsmanna hefði ekki verið farið út í neina af þessum fjárfestingum ef alþjónustukvöðin hefði ekki komið til. Allar stöðvar sem væru inni afskriftargrunni hefðu verið settar upp til að uppfylla alþjónustukvaðir.

1.19.2. [...] ³⁸ kr. árgreiðsla ársins 2005 af fjárfestingum

Ekki væri um að ræða árgreiðslu heldur afskriftir. Skoðaðar hefðu verið fjárfestingar sem mynduðu afskriftarstofn og fylgiskjöl á bak við eignfærslur. Um væri að ræða færslur úr öðrum kerfum Símans og erfitt að rekja hvort umræddar fjárhæðir væru vegna umræddra stöðva eingöngu. Ekkert benti til annars en umræddar eignfærslur ættu rétt á sér. Þó hefði komið í ljós að gera þurfti nokkrar leiðréttingar á áður innsendum upplýsingum.

1.19.3. Fjárfestingar í ljósleiðurum á árunum 2003, 2004 og 2005

Fram kom að ekki hefði verið farið fram á styrk vegna fjárfestinga á árinu 2003 í ljósleiðurum. Annars væri vísað til svars við 2. spurningu.

1.19.4. Fjárfestingar í notendalínum á árunum 2000 til 2005

Fram kom að einungis væri um að ræða fjárfestingu í notendalínum vegna alþjónustukvaðar og taprekstur línudeildar hefði ekki verið skráður sem fjárfesting í notendalínum.

1.19.5. Rekstrarkostnaður vegna ársins 2005

Skoðaðar voru hreyfingar vegna kostnaðar á húseignum og símstöðvum. Tekin voru fylgiskjöl af handahófi. Við þá skoðun hefði ekkert komið fram sem benti til annars en um væri að ræða rekstrarkostnað vegna umræddra liða.

1.19.6. Frádráttur vegna ISDN í sveitum sem innifalinn var í heimtaugagjaldi árið 2002

Fram kom að Síminn hefði þegar svarað þessu með bréfi til Póst- og fjarskiptastofnunar, dags. 6. júní 2006.

1.19.7. Tekjur af gagnaflutningi frá umræddum ISDN notendum

Tekjurnar skiptust í þrennt, þ.e. tekjur af gagnaflutningi (*kr. [...] ³⁹*), tekjur af mánaðargjaldi (*[...] ⁴⁰*) og tekjur af ISDN plús (*kr. [...] ⁴¹*). Til frádráttar kæmu svo gagnaveitugjöld *kr. [...] ⁴²*. Árlegar tekjur Símans af ISDN alþjónustu næmu því *kr. [...] ⁴³*. Tekjurnar hefðu verið yfirfarnar og það væri ekkert sem benti til annars en að þær væru

³⁸ Fellt út vegna trúnaðar

³⁹ Fellt út vegna trúnaðar

⁴⁰ Fellt út vegna trúnaðar

⁴¹ Fellt út vegna trúnaðar

⁴² Fellt út vegna trúnaðar

⁴³ Fellt út vegna trúnaðar

réttar. Til að reikna mánaðartekjur á notanda af gagnaflutningi væri rétt að miða við [...] ⁴⁴, sem gæfi mánaðartekjur að fjárhæð kr. [...] ⁴⁵.

1.19.8. Tekjur í formi fastagjalda fyrir talsíma og ISDN

Eins og fram kæmi í svari við spurningu 7 námu umframtekjur af mánaðargjaldi [...] ⁴⁶ kr. og tekjur af ISDN [...] ⁴⁷ kr. á árinu 2005.

1.19.9. Álit KPMG á því hvort rétt sé að vísitölubinda afskriftargrunn fastafjármuna þegar árgreiðsla vegna fjárfestinga er reiknuð

Fram kom að ekki væri verið að vísitölubinda afskriftargrunn í reikningsskilum fyrirtækja í dag. Ástæða þeirrar nálgunar á árum áður hefði verið gríðarlega há verðbólga. Markmið reikningsskila væri að efnahagur endurspeglaði gangvirði eigna eins vel og unnt væri. Við endurmat á fasteignum hefði oft verið stuðst við markaðsverð sem fælist í samanburði við sambærilegar eignir á afmörkuðu markaðssvæði og síðan þá aðferð að meta gangvirði eigna sem endurspegluðust í þeim leigusamningum sem stæðu á bak við eignina. Það væri álit KPMG að rétt væri að fylgja ríkjandi reikningsskilavenjum og endurmeta ekki fastafjármuni.

1.19.10. Er WACC-hlutfall Símans óeðlilegt með hliðsjón af vísitölutryggingar afskriftargrunns?

Vegin meðalávöxtunarkrafa fjármagns (WACC) hjá Símanum ætti að miðast við nafnávöxtun en ekki raunávöxtun. Væri tekið mið af stöðunni 31. desember 2004 væri niðurstaðan sú að WACC-hlutfall væri [...] ⁴⁸. Nafnávöxtunarkrafa væri því [...] ⁴⁹. Með því að nota nafnávöxtunarkröfu væri verið að mæta verðbólguáhrifum í afskriftargrunni og því ætti þessi ávöxtunarkrafa að endurspegla sanngjarnt mat á þá fjármuni sem falla undir alþjónustuákvæðin.

1.19.11. Er afskriftartími hinna ýmsu fjárfestinga á einhvern hátt óeðlilegur?

Samkvæmt yfirliti yfir þær eignir sem tilheyra afskriftargrunni væri ekki hægt að finna afskriftartíma sem teldist óeðlilegur eða rangur.

1.19.12. Var sá þáttur fjarskiptastarfseminnar sem sótt var um alþjónustuframlag fyrir bókhaldslega aðskilinn frá annarri starfsemi, sbr. 6. mgr. 21. gr. fjarskiptalaga?

Fram kom að samkvæmt upplýsingum Símans og við yfirferð gagna væri ljóst að slíkur bókhaldslegur aðskilnaður hefði ekki átt sér stað.

⁴⁴ Fellt út vegna trúnaðar

⁴⁵ Fellt út vegna trúnaðar

⁴⁶ Fellt út vegna trúnaðar

⁴⁷ Fellt út vegna trúnaðar

⁴⁸ Fellt út vegna trúnaðar

⁴⁹ Fellt út vegna trúnaðar

1.19.13. Viðhafði Síminn sérgreiningu kostnaðar og tekna vegna umræddrar alþjónustu, sbr. 13. gr. alþjónustureglugerðar?

Fram kom að eins og fram kæmi í svari við 12. spurningu væri ljóst að slík reikningsskil hefðu ekki átt sér stað hjá Símanum.

1.20. Bréf Símans til Póst- og fjarskiptastofnunar, dags. 5. október 2006

Fram kom að Póst- og fjarskiptastofnun hefði sent Símanum úttekt KPMG á rekstrarafkomu Símans vegna umsóknar um alþjónustuframlag. Meginniðurstaðan væri sú að þær tölulegu upplýsingar frá Símanum sem KPMG hefði yfirfarið væru í öllum meginatriðum réttar. Síminn liti svo á að Póst- og fjarskiptastofnun hlyti nú að hafa lokið rannsókn sinni á umsókn Símans um framlag úr jöfnunarsjóði alþjónustu, dags. 14. október 2004, enda væri stofnunin löngu komin fram úr öllum lögboðnum frestum í því sambandi.

1.21. Beiðni Póst- og fjarskiptastofnunar til KPMG um viðbótarúttekt, dags. 10. október 2006

Fram kom að Póst- og fjarskiptastofnun hefði með bréfi, dags. 13. júlí 2006, m.a. falið KPMG að skoða sérstaklega þrettán nánar tilgreind atriði varðandi umsókn Símans um framlag úr jöfnunarsjóði alþjónustu. Meðal annars hefði KPMG verið falið að leita skýringa á því hvers vegna upphæðin rúmar [...] ⁵⁰ kr., sem talin hafði verið hluti af ISDN kostnaði Símans og Póst- og fjarskiptastofnun hefði heimilað Símanum að innifela í heimtaugagjaldi við ákvörðun þess árið 2002, hefði af hálfu Símans verið lækkuð í rúmar [...] ⁵¹ kr.

Fram kom að svo virtist sem KPMG hefði ekki skoðað þetta atriði sjálfstætt í úttekt sinni, dags. 12. september 2006, heldur aðeins vísað beint til svars Símans frá 6. júní 2006. Það svar hefði verið ófullnægjandi að mati Póst- og fjarskiptastofnunar. Því færi stofnunin þess á leit við KPMG að félagið skoðaði þetta atriði nánar og legði sjálfstætt mat á skýringar Símans.

1.22. Viðbótarúttekt KPMG, dags. 20. október 2006

Fram kom að í kostnaðargreiningu heimtauga þann 25. nóvember 2002 hefði Póst- og fjarskiptastofnun samþykkt að fallast á [...] ⁵² % af fjárfestingum í notendalínum eða alls rúmar [...] ⁵³ kr. Í umsókn um styrk úr jöfnunarsjóði, dags. 17. nóvember 2004, hefði Síminn sótt um styrk vegna fjárfestinga í notendalínum vegna árána 2000 til 2005 vegna ISDN alþjónustu. Um væri að ræða árgreiðslu og næmi fjárhæðin rúmunum [...] ⁵⁴ kr. Við útreikning á henni hefði aðeins verið notast við helming af árgreiðslum vegna árána

⁵⁰ Fellt út vegna trúnaðar

⁵¹ Fellt út vegna trúnaðar

⁵² Fellt út vegna trúnaðar

⁵³ Fellt út vegna trúnaðar

⁵⁴ Fellt út vegna trúnaðar

2000 til 2005. Síminn hefði því helmingað árgreiðslurnar þar sem Póst- og fjarskiptastofnun hafi einungis samþykkt að greiða 50% af fjárfestingum í notendalínum á árunum 2000 til 2001 eða alls rúmar [...] ⁵⁵ kr. Síminn liti því svo á að Póst- og fjarskiptastofnun hefði einungis samþykkt að greiða helming af öllum fjárfestingum vegna notendalína. Fjárhæðin rúmar [...] ⁵⁶ kr. væri því ekki helmingurinn af rúmum [...] ⁵⁷ kr. framreiknaður.

KPMG mælti því með því að fyrningastofn yrði lækkaður vegna fjárfestinga í notendalínum sem næmi rúmum [...] ⁵⁸ kr. Póst- og fjarskiptastofnun væri þegar búin að taka tillit til þeirrar fjárhæðar vegna fjárfestinga á árunum 2000 og 2001 og því væri ekki rétt að taka fulla afskrift af þeim fjárfestingum. Stofnverð til afskriftar vegna notendalína vegna ára 2000 til 2005 lækkaði því úr rúmum [...] ⁵⁹ kr. í [...] ⁶⁰ kr.

1.23. Tilkyning Póst- og fjarskiptastofnunar um fyrirhugaða ákvörðun um framlag til Símans úr jöfnunarsjóði alþjónustu vegna ársins 2005, dags. 31. október 2006

1.23.1. Almenn

Póst- og fjarskiptastofnun tilkynnti Símanum að stofnunin hefði í hyggju að ákvarða félaginu framlag úr jöfnunarsjóði vegna veitingar gagnaflutningsþjónustu með 128 Kb/s flutningsgetu, að fjárhæð kr. 18.880.079, fyrir árið 2005. Hins vegar hefði stofnunin í hyggju að hafna kröfu Símans um framlag úr jöfnunarsjóði vegna rekstrartaps ársins 2005 af notendalínukerfinu á Vestfjörðum.

Þá benti Póst- og fjarskiptastofnun á að sá frestur sem Síminn hefði ítrekað bent á að stofnunin hefði til að ákvarða fjárframlög vegna alþjónustu, og fram hefði komið í 10. gr. alþjónustureglugerðar nr. 641/2000, ætti ekki lengur við. Umræddur tímafrestur, þ.e. 15. nóvember, hefði verið felldur brott með reglugerð nr. 813/2000. Því giltu almennar málshraðareglur stjórnarsýslulaga um mál þetta.

1.23.2. Umsókn um framlag vegna rekstrartaps ársins 2005 af gagnaflutningsþjónustu með 128 Kb/s flutningsgetu

Fram kom að í ljósi þess hve málið hefði dregist og rauntölur lögju nú fyrir varðandi rekstrarárið 2005 væri eðlilegt að byggja fremur á þeim tölum en hinum áætluðu tölum sem fram komu í umsókn Símans. Fram kom að það væri álit Póst- og fjarskiptastofnunar að virða bæri umsóknir Símans um framlag úr jöfnunarsjóði alþjónustu, dags. 14. október og 17. nóvember, heildstætt. Seinni umsóknin hefði verið nánari útfærsla á þeirri fyrri og hefði úrskurðarnefndin rætt um umsóknina frá 17. nóvember 2004 sem endanlegt eintak umsóknarinnar.

⁵⁵ Fellt út vegna trúnaðar

⁵⁶ Fellt út vegna trúnaðar

⁵⁷ Fellt út vegna trúnaðar

⁵⁸ Fellt út vegna trúnaðar

⁵⁹ Fellt út vegna trúnaðar

⁶⁰ Fellt út vegna trúnaðar

Póst- og fjarskiptastofnun tilkynnti Símanum að stofnunin hygðist hafna þeirri kröfu Símans að miða útreikninga á fjárframlagi félagsins við þær forsendur sem fram komu í upphaflegu umsókninni og miða við þær forsendur sem fram komu í hinni endanlegu umsókn. Í ákvæðum fjarskiptalaga um alþjónustu væri hvergi gert ráð fyrir endurgreiðslu útlags fjárfestingarkostnaðar í einu lagi án tengsla við rekstur umræddrar alþjónustu. Þvert á móti væri ljóst að fjarskiptalögin gerðu ráð fyrir því að við mat á kostnaði við alþjónustu bæri að miða við rekstrarniðurstöðu, þ.e. kostnað að frádregnum tekjum. Almennu væru afskriftir af fjárfestingum taldar til rekstrarkostnaðar sem dreifðist á líftíma eignarinnar. Þá þyrfti að taka mið af hæfilegri ávöxtun fjármagns af bundnu fjármagni í rekstrinum.

Þá kom fram að Póst- og fjarskiptastofnun liti svo á að í máli þessu bæri að beita þeirri aðferðarfræði sem kennd hefði verið við sögulegan kostnað. Þessi aðferð hefði á undanförunum árum verið notuð af Póst- og fjarskiptastofnun við kostnaðargreiningar hjá Símanum. Aðferðin gengi út á það að finna út rekstrarkostnað tiltekins árs vegna tiltekinnar þjónustu. Við þann kostnað bættist árgreiðsla af fjárfestingum sem tengdust umræddri þjónustu miðað við líftíma sérhverrar fjárfestingar. Þessu til viðbótar kæmi svo álag sem tryggja ætti hæfilega ávöxtun bundins fjármagns í rekstrinum, svokallað WACC-hlutfall. Þessar aðferðir hefðu verið notaðar til að ákvarða gjöld og einingaverð sem Símanum væri heimilt að innheimta af samkeppnisaðilum og símnötendum. Unnt væri að notast við slíkar aðferðir upp að vissu marki þegar ákvarða þyrfti fjárframlag til handa alþjónustuveitanda, en hafa þyrfti í huga að töluverður munur væri á slíkum gjöldum eða einingaverðum sem gilda ættu um óákveðinn tíma og framlagi úr jöfnunarsjóði alþjónustu. Því þyrfti að aðlaga þessar aðferðir að þeim reglum sem að öðru leyti giltu um slík alþjónustuframlög.

Í skýrslu KPMG hefði komið fram að ekki skyldi framreikna afskriftargrunn fjárfestinga eins og Póst- og fjarskiptastofnun hefði gert á árum áður við kostnaðargreiningar. Hins vegar bæri að reikna út WACC-hlutfall miðað við nafnávöxtun og væri þannig gert ráð fyrir verðbólguálagi við útreikning á hæfilegri ávöxtun bundins fjármagns. Að mati KPMG bæri ekki að reikna út árgreiðslur eins og tíðkast hefði heldur ætti að finna út afskriftargrunn og taka út árlegar afskriftir af sérhverri eign miðað við afskriftartíma hennar. Afskriftargrunnur viðkomandi eignar lækkaði svo milli ára um fjárhæð sem samsvaraði afskrift síðasta árs. Þannig ætti sérhver fjárfesting að gjaldfærast í samræmi við afskriftartímamann. Póst- og fjarskiptastofnun hygðist við ákvörðun framlags Símans úr jöfnunarsjóði beita þeirri aðferð sem KPMG mælti með. Fyrst þyrfti aðeins að taka ákvörðun um hvort Síminn ætti rétt á því að tillit væri tekið til fjárfestingarkostnaðar vegna árána 2000 og 2004, en ljóst væri að félagið hefði ekki sótt um framlag vegna þeirra ára.

Fram kom að í 5. mgr. 21. gr. fjarskiptalaga væri kveðið á um að miða skyldi *fjárframlög* að jafnaði við eitt ár í senn. Síminn teldi að ákvæði þetta þrengdi að engu leyti heimildir félagsins til að fara fram á greiðslur vegna útlagðs kostnaðar sem næði yfir ákveðið árabíll. Póst- og fjarskiptastofnun taldi hins vegar að með orðinu “fjárframlögum” væri átt við þær árlegu rekstrarforsendur sem leggja bæri til grundvallar umsóknum um framlag úr jöfnunarsjóði. Meginreglan væri sú að um árlegt ferli væri að ræða þar sem

sækja þyrfti um framlag úr jöfnunarsjóði miðað við rekstrarforsendur eins árs í senn. Síminn hefði ekki sótt um framlög fyrir árin 2000-2004. Póst- og fjarskiptastofnun hefði því í hyggju að ákvarða Símanum framlag úr jöfnunarsjóði alþjónustu, vegna þeirrar kvaðar að veita öllum landsmönnum 128 Kb/s gagnaflutningsþjónustu, miðað við rekstrarkostnað ársins 2005 af umræddri þjónustu og árgreiðslu vegna fjárfestinga ársins 2005. Tekjur ársins 2005 skyldu dregnar frá umræddum rekstrarkostnaði. Framlag Símans næmi því kr. 18.880.079.

1.12.3. Umsókn um framlag vegna rekstrartaps ársins 2005 af veitingu almennrar talsímaþjónustu á Vestfjörðum

Fram kom að Póst- og fjarskiptastofnun liti svo á að unnt væri að sækja um framlag úr jöfnunarsjóði vegna tiltekinnna alþjónustubátta í tilteknum landshlutum. Þeir þættir sem unnt væri að sækja um framlag fyrir yrðu að teljast til alþjónustu eins og hún væri skilgreind í fjarskiptalögum og beinast að þjónustu við endanlega notendur. Einn og sér teldist rekstur notendalínukerfis á Vestfjörðum ekki til alþjónustu, heldur væri einn þáttur í rekstri talsímaþjónustu, eins og t.d. rekstur stofnnetts og símsstöðva. Einangrað teldust þessir þættir ekki fela í sér talsímaþjónustu til endanlegra notenda. Talsímaþjónusta á Vestfjörðum teldist hins vegar til alþjónustu og væri unnt að sækja um framlag vegna hennar að tilteknum skilyrðum uppfylltum.

Eins og fram hefði komið í málinu hefði Síminn viðurkennt að kostnaðargreining hefði ekki farið fram á talsímaþjónustu á Vestfjörðum sérstaklega. Þá ætti Símanum að vera ljóst að afstaða Póst- og fjarskiptastofnunar hefði frá upphafi þessa máls verið á þá leið að ekki væri unnt að sækja sérstaklega um framlag úr jöfnunarsjóði vegna taps af notendalínukerfinu. Í fyrirspurnarbréfi Póst- og fjarskiptastofnunar til Símans, dags. 27. apríl 2006, hefði stofnunin m.a. óskað eftir upplýsingum um tekjuskráningu vegna rekstraráranna 2004 og 2005. Meðal annars hefði verið óskað eftir upplýsingum um tekjur af stofngjöldum, fastagjaldi og símtölum frá notendum símsstöðva á Vestfjörðum og tekjur af símtölum til notenda umræddra símsstöðva. Fyrirspurn þessi hefði verið ítrekuð með bréfi til Símans, dags. 22. maí 2006. Símanum hefði sérstaklega verið bent á að aðgerðarleysi af hálfu félagsins við að veita umbeðnar upplýsingar gæti orðið til þess að Póst- og fjarskiptastofnun hafnaði þessum þætti umsóknar félagsins með vísan til skorts á umræddum upplýsingum.

Þar sem ekki væri unnt að sækja sérstaklega um framlög úr jöfnunarsjóði vegna taprekstrar notendalínukerfis, umsókn Símans uppfyllti ekki þau skilyrði sem gera yrði til slíkra umsókna vegna bókhaldslegrar aðgreiningar og upplýsingar um tekjur af talsímaþjónustu skorti, tilkynnti Póst- og fjarskiptastofnun Símanum að stofnunin hefði í hyggju að hafna þeim þætti umsóknarinnar sem varðaði framlag vegna taprekstrar notendalínukerfis á Vestfjörðum. Símanum væri þó bent á að Póst- og fjarskiptastofnun myndi reikna út rekstrartap félagsins vegna talsímaþjónustu á Vestfjörðum ef fullnægjandi upplýsingar bærust og ákvarða félaginu framlag úr jöfnunarsjóði ef útreikningar sýndu fram á að tap væri af þeim þætti alþjónustu.

1.24. Andmæli Símans, dags. 15. nóvember 2006, varðandi fyrirhugaða ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar um framlag úr jöfnunarsjóði vegna ársins 2005

Fram kom að í fjarskiptalögum frá 1999 hefði í fyrsta sinn verið kveðið á um að gagnaflutningsþjónusta með 128 Kb/s flutningshraða skyldi teljast til alþjónustu. Í raun þýddi þetta að Símanum væri gert að ISDN væða sveitir landsins. Í þetta hefði verið gengið af krafti allt frá árinu 2000 og væri ISDN væðingunni að mestu lokið. Af þeim sökum væri eðlilegt að Síminn sækti um fjárframlag úr jöfnunarsjóði alþjónustu vegna þessa átaksverkefnis sem næði til nokkurra ára, eins og félagið ætti lögvarinn rétt til.

Viðbrögð Póst- og fjarskiptastofnunar við þessari umsókn hefðu frá upphafi byggt á verulega vafasömum lögskýringum, sem enga stoð ætti í gildandi íslenskum rétti. Fyrst hefði verið reynt að fella umsóknina á grundvelli “net cost” reglu en úrskurðarnefndin hefði kveðið svo á um að slík regla hefði skort lagastoð. Póst- og fjarskiptastofnun hefði verið gert að taka málið tafarlaust til nýrrar meðferðar og ákvarða kostnað Símans án þess að styðjast við “net cost” aðferðina. Í kjölfar úrskurðarins væru reyndar nýjar leiðir til að komast hjá því að ákvarða raunverulegan kostnað Símans lögum samkvæmt.

Um aðferð við ákvörðun kostnaðar hefði úrskurðarnefnd kveðið á um að beita skyldi sömu reglum og um samtengingu. Í stað þess að fylgja þessum skýru og einföldu fyrirmælum æðra setts stjórnvalds hefði Póst- og fjarskiptastofnun farið í alls kyns æfingar, með bréfaskriftum til Símans og KPMG á víxl, til að búa til nýjar reglur, sem ekki ættu sér stoð í lögum, um hvernig kostnaður Símans væri ákvarðaður. Póst- og fjarskiptastofnun hefði í hyggju að beita aðferð sem KPMG hefði mælt með og væri önnur en fram til þessa hefði verið notuð við mat á samtengikostnaði. Nýjar reglur væru búnar til eftir hendinni með tilheyrandi réttaróvissu og skerðingu réttaröryggis Símans.

Eins og KPMG hefði bent á hefðu verðbólguþrekingsskil verið lögð niður. Á þeirri forsendu legði KPMG til að stofnverð fjárfestinga yrði ekki uppreiknað miðað við vísitölur og þess í stað yrði notað WACC sem miðaðist við nafnvexti í stað raunvaxta sem til þessa hefði verið miðað við þegar WACC krafa hefði verið reiknuð. KPMG hefði notað [...] ⁶¹ verðbólguálag á skuldir við útreikninga á WACC kröfu Símans en miðað við þá verðbólgu sem væri í þjóðfélaginu í dag væri [...] ⁶² álag of lágt. Því væri þessari aðferð andmælt.

Síminn hefði áður fært rök fyrir því að engar takmarkanir væru að finna í lögum er mæltu fyrir um að eingöngu mætti sækja um vegna útlagðs kostnaðar eins árs í senn. Einu takmarkanirnar í þessu efni fælust í því að “fjárframlögin”, þ.e. greiðslan úr jöfnunarsjóðnum, skyldi “að jafnaði” miðuð við eitt ár í senn, sbr. 5. mgr. 21. gr. fjarskiptalaga. Væri VI. kafli fjarskiptalaga lesinn heildstætt væri augljóst að með fjárframlögum væri átt við framlög sem greidd væru úr jöfnunarsjóði. Í 1. mgr. 21. gr. kæmi t.d. fram að fyrirtæki gæti sótt um til Póst- og fjarskiptastofnunar að því yrði með fjárframlögum tryggt eðlilegt endurgjald fyrir þá starfsemi sem um ræðir. Sú takmörkun að fjárframlögin miðuðust að jafnaði við eitt ár í senn þrengdi að engu leyti heimildir

⁶¹ Fellt út vegna trúnaðar

⁶² Fellt út vegna trúnaðar

umsækjanda til að fara fram á greiðslur vegna útlagðs kostnaðar sem næði yfir ákveðið tímabil. Slíka takmörkun hefði þurft að orða skýrt í lögum. Í öllu falli benti orðalagið „að jafnaði“ einnig til þess, að ávallt væri svigrúm til að taka tillit til fjárfestinga fleiri ára, en átaksverkefni á borð við ISDN væðinguna væri einmitt til þess fallið að sótt væri um framlag í einu lagi vegna fjárfestinga þeirra ára sem átakið stæði yfir.

Til að bæta upp skort á lagaheimild fyrir þeirri íþyngjandi skýringu, að einungis mætti sækja um framlag vegna kostnaðar eins tilgreinds árs, sækta Póst- og fjarskiptastofnun stoð fyrir vafasömum skýringum sínum í inngangsorð alþjónustutílskipunar og ákvæði alþjónustureglugerðar. Kynnt væri til sögunnar regla um minnstu markaðsröskun í 23. forsendu tilskipunarinnar. Enn væri þetta gert í beinni andstöðu við úrskurð úrskurðarnefndar nr. 2/2006 og dóma Hæstaréttar, en í úrskurðinum kæmi m.a. fram að reglugerð nægði ekki ein og sér til þess að leggja íþyngjandi kvaðir á borgara. Löggjöfin yrði að mæla fyrir um meginreglur, þar sem fram komi takmörk og umfang þeirrar réttindaskerðingar, sem talin væri nauðsynleg og ætti þetta einnig við um ráðstafanir til að laga íslenskan rétt að skuldbindingum Íslands samkvæmt EES-samningnum.

Eftir stæði að engin lagaheimild væri fyrir þeirri réttindaskerðingu Póst- og fjarskiptastofnunar, að hafna því að taka til greina kostnað árána 2000-2004. Hvergi í lögum væri að finna takmörk eða umfang slíkrar réttindaskerðingar eða yfirhöfuð að hún væri talin nauðsynleg. Væri því enn á ný skorað á Póst- og fjarskiptastofnun að fara að lögum og úrskurðum æðra setts stjórnvalds.

Póst- og fjarskiptastofnun hefði stöðugt breytt um aðferðir við útreikning á kostnaði. Sú aðferð sem stofnunin virtist nú ganga út frá væri að reikna út beinar tekjur og bein rekstrargjöld. Við gjöldin bættist árgreiðsla af fjárfestingu ársins 2005 þar sem miðað væri við líftíma eignarinnar og ávöxtunarkröfu fjármagns hjá Símanum, þ.e. WACC hlutfall. Ennfremur legði stofnunin til að nú yrði hætt að framreikna afskriftargrunn fjárfestinga með vísitölu og vísaði stofnunin til skýrslu KPMG þar sem bent væri á að verðbólgu-reikningsskil hefðu verið lögð af. Verðbólgu-reikningsskil hefðu verið lögð af frá og með árinu 2002, en með bráðabirgðaákvæði væri félögum þó frjálst að nota verðbólgu-reikningsskil til ársloka 2003.

Á meðfylgjandi fylgiskjölum 1 og 2 væri fjárfestingastofn árána 2000 og 2001 því uppreiknaður miðað við breytingu á vísitölu byggingarkostnaðar en ekki væri leiðrétt eftir 1. janúar 2002 þrátt fyrir ofangreint heimildarákvæði. Þetta væri gert með fyrirvara um lögmati þessarar aðferðar. Ekki væru gerðar athugasemdir við meðferð tekna og rekstrargjalda. Einnig hefði verið tekið tillit til þeirra leiðréttinga og breytinga sem fram hefðu komið við meðferð málsins, þ.e. þess kostnaðar sem samþykktur hefði verið af Póst- og fjarskiptastofnun við kostnaðarútreikninga á heimtaug og þess kostnaðar sem ranglega hefði verið bókaður á alþjónustu fyrir gagnaflutning og leiðréttur hefði verið í kjölfar skoðunar KPMG á bókhaldi Símans.

Miðað við ofangreint væri rekstrarkostnaður ársins 2005 ekki kr. 18.880.079 heldur kr. 150.058.669. Þá væri rekstrarkostnaður ársins 2004 kr. [...] ⁶³, rekstrarkostnaður ársins

⁶³ Fellt út vegna trúnaðar

2003 kr. [...] ⁶⁴, rekstrarkostnaður ársins 2002 kr. [...] ⁶⁵, rekstrarkostnaður ársins 2001 kr. [...] ⁶⁶ og rekstrarkostnaður ársins 2000 kr. [...] ⁶⁷. Á árabílinu 2000-2004 væri byggt á þeirri forsendu, að tekjur og gjöld jöfnuðust út með sama hætti og rauntölur 2005 gæfu til kynna þannig að upphæðirnar endurspegluðu árgreiðslu fjárfestingar. Samanlagt væri hér um að ræða kr. 552.020.417. Með vísan til alls ofangreinds færi Síminn fram á það að Póst- og fjarskiptastofnun ákvarðaði, að kostnaður félagsins vegna ISDN væðingarinnar á árabílinu 2000-2005 hefði numið kr. 552.020.417 og legði til við samgönguráðherra að breytt yrði gjaldhlutfalli vegna greiðslu í jöfnunarsjóð alþjónustu til samræmis.

Póst- og fjarskiptastofnun hefði ákveðið að taka eingöngu tillit til fjárfestinga ársins 2005 á þeim grundvelli að Síminn hefði ekki sótt um framlag úr jöfnunarsjóði vegna áráanna 2000-2004. Þessu væri harðlega mótmælt, sbr. hér að framan. Auk þess hafnaði Síminn alfarið röksemdafærslu Póst- og fjarskiptastofnunar við útreikning á rekstrarkostnaði ársins 2005. Fram hefði komið í máli Póst- og fjarskiptastofnunar að við mat á kostnaði við alþjónustu skyldi miða við rekstur, þ.e. kostnað að frádragnum tekjum, og að afskriftir fjárfestinga teldust kostnaður sem dreifðist á líftíma eignarinnar.

Að mati Símans væri ljóst að fjárfestingar fyrri ára væru mjög stór hluti af rekstrarkostnaði ársins 2005 og það hvort sótt hafi verið um framlag úr jöfnunarsjóði þegar til þeirra var stofnað eða ekki hefði ekkert með rekstrarkostnað ársins 2005 að gera. Fjárfestingarnar mynduðu kostnað sem bæri að dreifa á rekstur næstu árin í hlutfalli við líftíma viðkomandi eignar. Því væri ljóst að fjárfestingar áráanna 2000-2004 mynduðu rekstrargjöld í formi afskrifta eða sem hlutdeild í árgreiðslu á nákvæmlega sama hátt og þær fjárfestingar sem stofnað hefði verið til á árinu 2005. Á sama hátt myndu fjárfestingar ársins 2005 mynda rekstrargjöld næstu árin svo lengi sem líftími þeirra segir til um, algerlega óháð því hvort Síminn hefði sótt um endurgreiðslu úr jöfnunarsjóði vegna þeirra eða ekki. Af þessum sökum væri í öllu falli alveg skýrt að jafnvel þótt fallist yrði á að eingöngu mætti taka tillit til fjárfestinga ársins 2005, gæti kostnaður sem ákvarðaður yrði vegna þess árs aldrei orðið lægri en kr. 150.058.669.

II. Ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar um framlag Símans úr jöfnunarsjóði vegna ársins 2005 varðandi 128 Kb/s gagnaflytninguþjónustu

Við meðferð málsins hefur Síminn ítrekað bent á að frestur sá er Póst- og fjarskiptastofnun hafði til að ákvarða fjárframlög og gera samgönguráðherra grein fyrir fjárþörf jöfnunarsjóðs hafi runnið út þann 15. nóvember 2004, sbr. 10. gr. alþjónustureglugerðar nr. 641/2000. Með vísan til þessa hefur Síminn dregið rannsóknarheimildir Póst- og fjarskiptastofnunar í efa, sem hefur ásamt öðru valdið töfum á málinu. Ákvæði 10. gr. reglugerðarinnar var fellt brott með reglugerð nr. 813/2000. Ákvæði 10. gr. kveður nú ekki á um nein tímamörk að þessu leyti. Engir fastákveðnir tímafrestir hafa því gilt frá 6. nóvember 2000 um það hve langan tíma Póst- og fjarskiptastofnun hefur til að ákvarða fjárframlög vegna alþjónustukvaða. Almennar

⁶⁴ Fellt út vegna trúnaðar

⁶⁵ Fellt út vegna trúnaðar

⁶⁶ Fellt út vegna trúnaðar

⁶⁷ Fellt út vegna trúnaðar

málshraðareglur stjórnsýslulaga koma því hér til álita, en þær ber að túlka með hliðsjón af rannsóknarreglu stjórnsýslulaga. Málshraðinn ræðst því m.a. af því hve mál eru flókin, umsóknir vandaðar, gögn áreiðanleg og samvinnu Póst- og fjarskiptastofnunar og viðkomandi umsækjanda. Einnig skiptir máli hvort um er að ræða umsóknir um framlög vegna alþjónustukvaða sem reynsla er komin á eða hvort um er að ræða umsóknir um framlög vegna alþjónustukvaða sem ekki hefur reynt á áður.

Það er óumdeilt í málinu að með umsóknum, dags. 14. október og 17. nóvember 2004, sótti Síminn um framlag úr jöfnunarsjóði alþjónustu fyrir árið 2005. Það er hins vegar deilt um það hvort Póst- og fjarskiptastofnun beri að ákvarða Símanum fjárframlag vegna þeirrar alþjónustukvaðar félagsins að bjóða öllum landsmönnum upp á 128 Kb/s gagnaflytninguþjónustu einungis í samræmi við umsókn Símans, dags. 14. október 2004, eða í samræmi við báðar umsóknirnar virtar heildstætt. Afstaða Póst- og fjarskiptastofnunar er sú að virða beri umsóknirnar heildstætt þannig að seinni umsóknin hafi verið nánari útfærsla á hinni fyrri. Upplýsingar sem fram koma í fyrri umsókninni hafa því gildi í máli þessu að svo miklu leyti sem þær eru ekki í ósamræmi við upplýsingar í hinni nánar útfærðu umsókn.

Póst- og fjarskiptastofnun óskaði eftir upplýsingum hjá Símanum um tiltekna rauntölur varðandi rekstur og fjárfestingar félagsins á árunum 2004 og 2005, þar sem upplýsingar varðandi umrædd ár voru byggðar á áætluðum tölum í umsókn Símans. Þar sem félagið óskaði eftir fjárframlagi vegna rekstrarársins 2005 þótti stofnuninni eðlilegt að óska eftir rauntölum fyrir umrætt ár, þar sem þær upplýsingar lágu fyrir í apríl 2006 þegar Póst- og fjarskiptastofnun tók málið á ný til meðferðar í samræmi við tilmæli úrskurðarnefndar. Einnig var óskað eftir raunupplýsingum fyrir árið 2004 þar sem þær gætu skipt máli við ákvörðun á fjárframlagi Símans ásamt því að þær gætu nýst til samanburðar við upplýsingar vegna ársins 2005 og fyrri ára. Þessu til stuðnings vísar Póst- og fjarskiptastofnun til 6. mgr. 21. gr. fjarskiptalaga. Þar segir að fjárframlög skuli að jafnaði miðuð við eitt ár í senn og að Póst- og fjarskiptastofnun eða fjarskiptafyrirtæki sem óskar eftir framlagi úr jöfnunarsjóði geti krafist endurskoðunar á framlaginu á gildistíma þess, ef forsendur fyrir ákvörðun fjárframlaga hafi breyst verulega. Nú verður að telja að þar sem ákvörðun hefur ekki verið tekin um fjárframlag verði að miða við þær upplýsingar sem áreiðanlegastar teljast. Í þessu tilviki verður að telja að raunupplýsingar varðandi rekstur og fjárfestingar Símans séu áreiðanlegastar.

Í bréfi Símans, dags. 9. mars 2006, sem sent var í kjölfar úrskurðar úrskurðarnefndar nr. 2/2006, kom fram að félagið krefðist framlags úr jöfnunarsjóði að fjárhæð rúmum 680 millj. kr. Fram kom að kröfugerðin byggðist á umsókn félagsins, dags. 14. október 2004, og að einungis væri óskað eftir framlagi vegna stofnkostnaðar en ekki til að bæta halla af rekstri. Þessi kröfugerð er ekki í samræmi við kröfugerð Símans í stjórnsýslukæru félagsins, dags. 10. janúar 2006, þar sem þess var krafist að úrskurðarnefnd felldi hina kærðu ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar úr gildi og legði fyrir stofnunina að ákvarða um kostnað vegna alþjónustukvaða á grundvelli umsókna Símans, dags. 14. október og 17. nóvember 2004. Þá kom fram í umræddu bréfi Símans að úrskurðarnefnd hefði engar athugasemdir gert við umsóknir Símans, heldur þvert á móti talið að Síminn hefði gert nákvæma grein fyrir *rekstartapi* og *sundurliðun* þess í umræddum umsóknum. Í þessu

sambandi ber að athuga að rekstrartap er ekki það sama og endurgreiðsla á stofnkostnaði nokkurra ára án tengsla við rekstur og líftíma fjárfestinganna.

Þess má geta að í úrskurði sínum komst úrskurðarnefnd svo að orði að það væri að nokkru leyti skiljanlegt að dráttur hefði orðið á ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar þar sem breytingar hefðu verið gerðar á umsókn Símans og **endanlegt eintak** hefði ekki borist stofnuninni fyrr en tveimur dögum eftir að fresturinn var liðinn. Samkvæmt þessu bendir flest til þess að úrskurðarnefndin líti á umsókn Símans, dags. 17. nóvember 2004, sem endanlegt eintak umsóknarinnar. Nefndin ógilti ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar og lagði fyrir stofnunina að ákvarða þann kostnað sem Síminn hafði af alþjónustu í samræmi við viðurkenndar aðferðir sem heimild hefði verið fyrir í fjarskiptalögum nr. 81/2003. Vísaði nefndin sérstaklega til þess að við mat á kostnaði skyldi notast við sömu aðferð og um samtengingu væri að ræða. Samkvæmt þessu ber Póst- og fjarskiptastofnun að ákvarða kostnað Símans af umræddri alþjónustu miðað við tiltekna aðferð. Aðferðin felst ekki í því að leggja saman uppsafnaðan stofnkostnað við tilteknar fjárfestingar án tengsla við reksturinn, eins og Síminn gerir kröfu um, heldur skal útreikningurinn byggjast á kostnaði við stofnun og rekstur viðkomandi alþjónustupáttar, auk hæfilegrar ávöxtunar fjármagns, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 26. gr. laga nr. 107/1999, um fjarskipti, og 1. mgr. 9. gr. alþjónustureglugerðar nr. 641/2000.

Verður nú tekin afstaða til þess hvort fjarskiptalög heimili Póst- og fjarskiptastofnun að ákvarða Símanum fjárframlög úr jöfnunarsjóði alþjónustu með þeim hætti að Símanum verði endurgreiddar uppsafnaðar fjárfestingar nokkurra ára án tengsla við rekstrarafkomu umræddrar gagnaflutningsþjónustu. Síminn hefur einnig orðað þessa kröfu sína með þeim hætti að félaginu beri að fá bættan “útlagðan kostnað” sinn vegna umræddra fjárfestinga á árunum 2000-2005.

Í 1. mgr. 21. gr. fjarskiptalaga nr. 81/2003 segir að alþjónustuveitandi geti farið fram á fjárframlag úr jöfnunarsjóði telji hann að alþjónustan sé *rekin með tapi* eða sé óarðbær. Í 2. mgr. 21. gr. segir að Póst- og fjarskiptastofnun skuli ákvarða kostnað vegna alþjónustukvaða að tilteknum skilyrðum uppfylltum. Í 3. mgr. 21. gr. segir að Póst- og fjarskiptastofnun skuli krefjast þess að alþjónustuveitandi upplýsi nákvæmlega hvert *rekstrartapið* af starfseminni er og hvernig það sundurliðast. Í 4. mgr. segir að við mat á fjárframlögum geti Póst- og fjarskiptastofnun falið löggiltum endurskoðendum að gera úttekt á *rekstrarafkomu* á viðkomandi rekstrarsviði. Þá getur Póst- og fjarskiptastofnun krafist aðgangs að bókhaldi fjarskiptafyrirtækisins við *mat á kostnaði* við alþjónustu. Fram kemur í 1. mgr. 21. gr. fjarskiptalaga að reglur um mat á kostnaði við alþjónustu skuli birta í reglugerð. Í 9. gr. alþjónustureglugerðar er fjallað um þetta, en þar segir að við mat á kostnaði við alþjónustu skuli beita sömu reglum og um samtengingu skv. 1. tl. 1. mgr. 26. gr. laga nr. 107/1999 um fjarskipti. Í þeirri lagagrein kom fram að gjöld fyrir samtengingu skyldu vera gagnsæ og byggjast á kostnaði við stofnun og rekstur nets, auk hæfilegrar ávöxtunar fjármagns á grundvelli kostnaðarbókhalds. Ljóst er að þær reglur sem gilda um samtengingu felast ekki í því að leggja saman fjárhæðir tiltekinna fjárfestinga án tengsla við rekstur og líftíma eigna. Þá segir í 9. gr. alþjónustureglugerðarinnar að Póst- og fjarskiptastofnun skuli gera úttekt á hagkvæmni rekstrarins, þ.á.m. tekjum og gjöldum, og beri stofnuninni að styðjast við viðurkenndar

aðferðir, t.d. útreikninga á viðvarandi umframkostnaði. Ljóst er að sú aðferð felst ekki í því að leggja saman uppsafnaðan stofnkostnað fjárfestinga nokkurra ára án tengsla við rekstrarafkomu.

Samkvæmt ofangreindu gera fjarskiptalög ekki ráð fyrir endurgreiðslu útlagðs kostnaðar vegna fjárfestinga eða endurgreiðslu stofnkostnaðar fjárfestinga margra ára á einu bretti án tengsla við rekstrarafkomu viðkomandi alþjónustubáttar. Þvert á móti er ljóst að fjarskiptalögin gera ráð fyrir því að við mat á kostnaði við alþjónustu skuli miðað við rekstrarafkomu tiltekins árs, þ.e. kostnað af fráregnum tekjum. Almennt teljast afskriftir af fjárfestingum kostnaður sem dreifist á líftíma eignarinnar. Þá þarf að taka mið af hæfilegri ávöxtun fjármagns af bundnu fjármagni í rekstrinum. Póst- og fjarskiptastofnun hafnar því þeirri kröfu Símans að miða útreikning á fjárframlagi Símans við þær forsendur sem fram koma í upphaflegri umsókn félagsins, dags. 14. október 2004.

Eins og fram hefur komið í málsatvikalýsingu hér að framan héldu aðilar málsins fund áður en Síminn skilaði inn endanlegri umsókn. Á þeim fundi spurðist Síminn fyrir um hvernig haga bæri útreikningum við mat á kostnaði vegna alþjónustu og þá sérstaklega varðandi fjárfestingar. Svar Póst- og fjarskiptastofnunar var á þá leið að miða ætti við sömu aðferðir og Síminn og Póst- og fjarskiptastofnun hefðu áður notað, þ.e. að reikna út jafnar árgreiðslur. Þetta væri hinsvegar eingöngu hluti af ferlinu, þ.e. að finna út kostnað vegna alþjónustu sem væri hægt að forðast ef engin alþjónusta væri fyrir hendi. Aðferðafræði sem hægt væri að beita væri m.a. LRIC (*langtíma viðbótarkostnaður*) og HCA (*sögulegur kostnaður*). Að því loknu þyrfti að draga tekjur af þjónustunni frá kostnaðinum. Þá væri kominn fram beinn nettó kostnaður.

Póst- og fjarskiptastofnun lítur svo á að í þessu máli beri að beita þeirri aðferðafræði sem kennd er við sögulegan kostnað, þar sem henni hefur mest verið beitt í framkvæmd, auk þess sem hún er einföldust. Til að mynda hefur LRIC aðferðafræði lítið verið beitt hér á landi. Sú aðferð er mjög kostnaðarsöm og tímafrek og myndi tefja afgreiðslu málsins verulega. Sem dæmi um beitingu þeirrar aðferðafræði sem kennd er við sögulegan kostnað við kostnaðargreiningar á vegum Póst- og fjarskiptastofnunar má benda á leigulínuákvörðanir frá árunum 1999 og 2000, fastagjaldsákvörðun frá árinu 2000, heimtaugarákvörðun frá árinu 2002 og samtengigjaldsákvörðun í farsíma frá árinu 2003. Það sem þessar aðferðir eiga sameiginlegt er að fundinn er út rekstrarkostnaður fyrir eitt ár vegna tiltekinnar þjónustu. Við þann kostnað bætist árgreiðsla af fjárfestingum sem tengjast umræddri þjónustu miðað við líftíma sérhverrar fjárfestingar. Þessu til viðbótar bætist svo álag sem tryggja á hæfilega ávöxtun bundins fjármagns í rekstrinum, svokallað WACC-hlutfall. Þessar aðferðir hafa verið notaðar af Póst- og fjarskiptastofnun til að ákvarða tiltekin gjöld og einingaverð sem Símanum er heimilt að innheimta af samkeppnisaðilum og símnötendum.

Í skýrslu KPMG kemur skýrt fram að ekki skuli framreikna afskriftargrunn fjárfestinga miðað við tiltekna vísitölu eins og Póst- og fjarskiptastofnun hefur gert við ofangreindar kostnaðargreiningar. Ástæðan er sú að verðbólguleiðréttingar í reikningsskilum voru aflagðar frá 1. janúar 2002, sbr. lög nr. 133/2001, um breyting á lögum nr. 144/1994, um ársreikninga. Hins vegar ber að reikna WACC-hlutfall miðað við nafnávöxtun. Þannig

er gert ráð fyrir tilteknu verðbólguálagi þegar hæfileg ávöxtun bundins fjármagns er reiknuð út. Að öðrum kosti er hætta á tvöföldu verðbólguálagi ef afskriftargrunnurinn er framreiknaður miðað við verðþróun. KPMG telur því að ekki eigi að reikna út árgreiðslur eins og gert hefur verið heldur eigi að finna út afskriftargrunn og taka út árlegar afskriftir af sérhverri eign miðað við afskriftartíma viðkomandi eignar. Afskriftargrunnur viðkomandi eignar lækkar svo milli ára um fjárhæð sem samsvarar afskrift síðasta árs. Þannig á sérhver fjárfesting sem tilheyrir viðkomandi þjónustu að gjaldfærast í samræmi við afskriftartímamann.

Því má segja að þær forsendur sem fram koma í hinni endanlegu umsókn Símans, dags. 17. nóvember 2004, sbr. tilteknar leiðréttingar sem Síminn gerði í bréfi til Póst- og fjarskiptastofnunar, dags. 6. júní 2006, séu í samræmi við þessi sjónarmið. Eini munurinn er að ekki ber að uppfæra afskriftargrunna miðað við verðlagsþróun, sbr. álit KPMG. Póst- og fjarskiptastofnun telur rétt að beita þeirri aðferð sem KPMG hefur mælt með við ákvörðun framlags Símans úr jöfnunarsjóði. Póst- og fjarskiptastofnun fellst ekki á þau sjónarmið sem fram koma í bréfi Símans, dags. 15. nóvember 2006, að stofnunin sé sífellt að finna nýjar leiðir til að komast hjá því að ákvarða raunverulegan kostnað Símans og búa til nýjar reglur þar að lútandi. Aðferð sú sem KPMG mælir með er sambærileg þeim aðferðum sem áður hefur verið beitt að því frátöldu að verðbólguleiðrétt reikningsskil voru aflögð í ársbyrjun 2002. Þá verður að fallast á með KPMG að [...] ⁶⁸ verðbólguálag sé ekki óeðlilega lágt til lengri tíma litið þótt það kunni að virðast svo nú um stundir.

Áður en lengra er haldið við að reikna út kostnað Símans vegna veitingar umræddrar alþjónustu miðað við ofangreinda aðferð þarf þó að taka ákvörðun um hvort Síminn eigi rétt á því að tillit sé tekið til fjárfestingakostnaðar vegna árána 2000 til 2004 við ákvörðun kostnaðar vegna ársins 2005, en ljóst er að félagið sótti ekki um alþjónustuframlög á árunum 2000, 2001, 2002, 2003 eða 2004.

Í umsókn Símans, dags. 17. nóvember 2004, kom fram að félagið hefði ákveðið að verða við tilmælum Póst- og fjarskiptastofnunar um nánari útfærslu á fyrri umsókn. Í þessu fælist þó ekki viðurkenning á því að orðalag 21. gr. útilokaði að sótt væri um vegna liðinna ára. Þannig gæfi orðalag 5. mgr. 21. gr. svigrúm til að líta til fleiri ára, en þar kæmi fram að fjárframlög skyldu “að jafnaði” miðuð við eitt ár í senn. Í bréfi Símans til Póst- og fjarskiptastofnunar, dags. 9. mars 2006, kveður við annan tón hjá Símanum. Þar segir að í 5. mgr. 21. gr. fjarskiptalaga komi fram að fjárframlög skulu að jafnaði miðuð við eitt ár í senn. Væri 21. gr. lesin heildstætt væri ótvírætt að með fjárframlögum væri átt við framlög sem greidd væru úr jöfnunarsjóði til umsækjanda. Þannig segði í 1. mgr. að fyrirtæki gæti „*sótt um til Póst- og fjarskiptastofnunar að því verði með fjárframlögum tryggt eðlilegt endurgjald fyrir þá starfsemi sem um ræðir.*” Sú takmörkun að fjárframlögin til umsækjanda miðuðust að jafnaði við eitt ár í senn þrengdi að engu leyti heimildir umsækjanda til að fara fram á greiðslur vegna útlagðs kostnaðar sem næði yfir ákveðið árabíl. Ef ætlun löggjafans hefði verið að takmarka umsóknir við útlagðan kostnað vegna árs í senn hefði þurft að orða þá reglu skýrt í lögum. Engar slíkar kvaðir væri að finna í lögum. Því gæti stjórnvald ekki lagt þá íþyngjandi kvöð á Símann að

⁶⁸ Fellt út vegna trúnaðar

miða umsóknina við kostnað sem til félli á einu tilteknu ári. Umræðunnar vegna væri þess utan ákveðið svigrúm veitt með orðalaginu „að jafnaði”. Jafnvel þótt fallist yrði á þá skýringu að með fjárframlagi í skilningi 5. mgr. væri átt við útlagðan kostnað umsækjanda girti ákvæðið samkvæmt orðanna hljóðan alls ekki fyrir að sótt væri um vegna nokkurra ára í senn. Þessi sjónarmið Símans voru ítrekuð í bréfi, dags. 15. nóvember 2006, þar sem m.a. kom fram að eðlilegt væri að Síminn óskaði eftir fjárframlagi í einu lagi vegna þess átaksverkefnis að ISDN væða sveitir landsins.

Í 5. mgr. 21. gr. fjarskiptalaga segir að *fjárframlög* skuli að jafnaði miðuð við eitt ár í senn. Í 4. mgr. 21. gr. segir að Póst- og fjarskiptastofnun geti við mat á fjárframlögum krafist skýrslna löggiltra endurskoðenda. Það er ljóst samkvæmt þessu að með orðinu “*fjárframlögum*” er einnig átt við árlegar rekstrarforsendur fyrir ákvörðun fjárframlaga sem leggja ber til grundvallar umsóknum um framlag úr jöfnunarsjóði alþjónustu. Póst- og fjarskiptastofnun telur ótækt að fallast á það sjónarmið Símans að með “*fjárframlagi*” sé aðeins átt við greiðsluna úr jöfnunarsjóðnum. Varla var það vilji löggjafans að láta löggilta endurskoðendur skoða sjálfa greiðsluna úr jöfnunarsjóðnum, þ.e. endurgjaldið sem alþjónustuveitandi fær vegna alþjónustunnar, enda er ljóst samkvæmt 22. gr. laganna að innheimta jöfnunargjalds fer fram árlega samkvæmt lögum um tekjuskatt. Einnig ber að greiða árlega úr jöfnunarsjóði. Þannig hefur Póst- og fjarskiptastofnun ekkert val um það hvort slíkt innheimtu- og útgreiðsluferli sé árlegt eða ekki. Hins vegar er stofnuninni eftirlátið mat um það hvort þær rekstrarlegu forsendur fyrir ákvörðun fjárframlaga sem leiða til útreiknings kostnaðar vegna alþjónustukvaða skuli miðast við eitt ár í senn, eða lengri eða skemmri tíma. Þetta sjónarmið sækir einnig stoð í seinni málslíð 5. mgr. 21. gr. fjarskiptalaga þar sem fram kemur að bæði Póst- og fjarskiptastofnun og umsækjandi geti krafist endurskoðunar á fjárframlagi á gildistíma þess ef *forsendur fyrir ákvörðun þess* hefur breyst verulega.

Ákvæði 5. mgr. 21. gr. kveður á um það að fjárframlögin skuli “að jafnaði” miðuð við eitt ár í senn. Meginreglan er því að um árlegt ferli er að ræða og samkvæmt viðteknum lögskýringarsjónarmiðum ber að túlka undanþágur frá meginreglum þröngt. Umrætt ákvæði 5. mgr. 21. gr. laga nr. 81/2003 hefur verið óbreytt frá því það var fyrst lögfest með 5. mgr. 14. gr. laga nr. 143/1996, um fjarskipti. Fram kom í athugasemdum í greinargerð að mælt væri fyrir um að gjaldið skyldi ekki ákveðið til lengri tíma en eins árs í senn í þeim tilgangi að tryggja virkara eftirlit með slíkum fjárframlögum. Að mati Póst- og fjarskiptastofnunar er ljóst að allt eftirlit stofnunarinnar verður erfiðara í þessu sambandi því eldri sem gögn að baki rekstrinum eru.

Það er því ljóst að meginreglan er sú að um árlegt ferli er að ræða þar sem sækja ber um framlag úr jöfnunarsjóði miðað við rekstrarforsendur eins árs í senn. Þetta sjónarmið fær stuðning í 3. mgr. 9. gr. alþjónustureglugerðar nr. 641/2000 þar sem segir að alþjónustuveitandi skuli fyrir 15. október *ár hvert* tilkynna Póst- og fjarskiptastofnun skriflega, ef hann óskar eftir fjárframlagi *á næsta ári*. Þá má geta þess að í lögum nr. 72/2000, um jöfnunargjald vegna alþjónustu árið 2000, kom fram að til að standa straum af fjárframlögum vegna alþjónustu árið 2000 skyldi innheimta 0,18% jöfnunargjald. Það sama var upp á teningnum með lögum nr. 160/2000, um jöfnunargjald vegna alþjónustu árið 2001, en jöfnunargjaldið var ákveðið 0,12%. Fram kom í athugasemdum að einungis

Neyðarlínan hafi sótt um framlög fyrir þessi ár. Í samræmi við það var jöfnunargjaldið ákveðið í þessum hlutföllum. Með lögum nr. 145/2001 var lögum nr. 107/1999, um fjarskipti, breytt á þann veg að jöfnunargjald skyldi vera 0,12% og skyldi fjárförf vegna alþjónustu endurskoðuð árlega af Póst- og fjarskiptastofnun og skyldi niðurstaða þeirrar endurskoðunar ásamt tillögu um gjaldhlutfall lagt fyrir samgönguráðherra ef þörf væri á. Í umræðum á Alþingi um frumvarp sem varð að lögum nr. 145/2001 í desember 2001 kom fram í máli samgönguráðherra að alþjónusta væri m.a. hin almenna síma- og gagnaflutningsþjónusta. Hún væri hins vegar ekki styrkt úr jöfnunarsjóði enda væri það aðallega Landssími Íslands sem veitti þá þjónustu og myndi greiða í þann sjóð.

Þá ber einnig að hafa í huga að með 22. gr. laga nr. 81/2003, sem tók gildi frá og með 1. janúar 2004, var gjaldstofni til jöfnunargjalds breytt þannig að öll velta af fjarskiptastarfsemi varð nú gjaldskyld. Fram til þess tíma hafði gjaldstofninn aðeins samanstaðið af bókfærðri veltu af starfsemi tengdri almennum fjarskiptanetum og/eða talsímaþjónustu. Því var t.d. velta af farsímaþjónustu undanskilin jöfnunargjaldi fram til ársins 2004. Ef fallist væri á það með Símanum að miða við fjárfestingarkostnað allt aftur til ársins 2000 væri Síminn í raun að fá mun meira í sinn hlut en löggjafinn hafði í hyggju. Að sama skapi þyrftu önnur fjarskiptafyrirtæki að greiða mun meira en lög gerðu ráð fyrir. Skekkir það óneitanlega samkeppni á fjarskiptamarkaði.

Þessi meginregla um að miða við rekstrarforsendur eins árs í senn á sér einnig stoð í alþjónustutilskipun 2002/22/EB. Þar segir m.a. í 23. forsendu að heimilt sé að skipta hreinum kostnaði við alþjónustuskuldur milli fyrirtækja. Aðildarríkin skulu tryggja að fyrirkomulagið við að skipta kostnaði rúmist innan ramma meginreglna um gagnsæi, **minnstu markaðsröskun**, bann við mismunun og innan ramma meðalhófsreglunnar. Minnsta markaðsröskun merkir að framlög skulu endurheimt með þeim hætti sem dregur úr áhrifum þeirrar fjárhagsbyrði sem fellur á endanlega notandann, t.d. með því að dreifa framlögunum eins mikið og hægt er. Að mati Póst- og fjarskiptastofnunar er ljóst að mikil markaðsröskun væri því samfara að fallast á það með Símanum að taka tillit til fjárfestingarkostnaðar allt aftur til ársins 2000. Hætta væri á að kostnaður hækkaði við fjarskiptaþjónustu og það myndi skekkja samkeppnisstöðu samkeppnisaðila Símans ef Póst- og fjarskiptastofnunar féllist á þessa kröfu Símans. Slíkt væri í ósamræmi við eitt meginverkefni Póst- og fjarskiptastofnunar að stuðla að samkeppni á sviði fjarskiptaþjónustu. Síminn sótti ekki um framlög fyrir árin 2000, 2001, 2002, 2003 eða 2004 þrátt fyrir að Póst- og fjarskiptastofnun hafi árlega auglýst í Lögbirtingablaðinu eftir umsóknum um framlög úr jöfnunarsjóði alþjónustu. Síminn hefur ekki rökstutt það á neinn hátt af hverju Póst- og fjarskiptastofnun ætti að víkja frá ofangreindri meginreglu um árlegt ferli í tilviki Símans. Þá hefur Síminn ekki gert neina grein fyrir því hvers vegna félagið sótti ekki um framlög úr jöfnunarsjóði vegna gagnaflutningskvaðarinnar á umræddum árum.

Samkvæmt ofangreindu er ljóst að Síminn hefur með athafnaleyssi sínu á árunum 2000-2004 fyrirgert rétti sínum til að fá árgreiðslur umræddra ára af fjárfestingum viðurkenndar við ákvörðun fjárframlags vegna ársins 2005. Síminn hefði þurft að sækja um jöfnunarsjóðsframlag á árinu 1999 vegna fyrirhugaðra fjárfestinga á árinu 2000 og svo koll af kolli í árlegu ferli. Eins og fram kemur í skýrslu KPMG myndar fjárfesting

tiltekinn afskriftargrunn á stofnári. Tiltekin afskrift miðað við líftíma eignar ætti síðan að teljast árgreiðsla næsta árs á eftir og lækkaði afskriftargrunnurinn um sambærilega fjárhæð og svo koll af kolli út líftíma eignar. Póst- og fjarskiptastofnun telur að beita beri þessari aðferð varðandi ákvörðun kostnaðar vegna veitingar alþjónustu frá og með þeim tíma sem fyrst er sótt um framlag, enda þurfi einnig að taka mið af tekjum og gjöldum sérhvers árs auk umræddra árgreiðslna. Hefði Síminn sótt árlega um jöfnunarsjóðsframlag frá og með árinu 1999 til dagsins í dag hefði félagið viðhaldið rétti sínum til að fá árgreiðslur vegna fjárfestinga viðkomandi ára viðurkennda. Í bréfi Símans, dags. 15. nóvember 2006, kom m.a. fram að Síminn byggði á því að á árabílinu 2000-2004 væri byggt á þeirri forsendu, að tekjur og gjöld jöfnuðust út með sama hætti og rauntölur 2005 gæfu til kynna þannig að upphæðirnar endurspegluðu árgreiðslu fjárfestingar. Það er ljóst að fjarskiptalög heimila ekki að beitt sé slíkum aðferðum, enda kemur ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar til með að verða andlag skattlagningar fyrirtækja í heilli atvinnugrein.

Síminn heldur því fram að það feli í sér íþyngjandi ákvörðun gagnvart félaginu ef Póst- og fjarskiptastofnun fellst ekki á að taka árgreiðslur fjárfestinga fyrri ára með í útreikning kostnaðar vegna alþjónustukvaða ársins 2005. Póst- og fjarskiptastofnun bendir á að alþjónustukvaðirnar eru í sjálfu sér íþyngjandi. Beiðni alþjónustuveitanda um framlag úr jöfnunarsjóði er í eðli sínu beiðni um ívilnandi ákvörðun. Eins og réttarreglum um jöfnunarsjóð og jöfnunargjald er háttað er ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar um slíkt framlag íþyngjandi fyrir alla aðra aðila á fjarskiptamarkaði og leiðir til skattlagningar á þau félög. Því verða lagaákvæði um framlög úr jöfnunarsjóði að vera skýr og verður alþjónustuveitandi sem hyggst sækja um framlag að fara eftir þeim reglum sem gilda í þessu sambandi. Póst- og fjarskiptastofnun hafnar því að stofnunin sé að bæta upp skort á lagaheimild fyrir þeirri ákvörðun að hafna því að taka tillit til fjárfestingakostnaðar fyrri ára með stoð í alþjónustureglugerð og alþjónustutíðskipun. Ákvæði VI. kafla fjarskiptalaga nr. 81/2003 styðja þessa niðurstöðu Póst- og fjarskiptastofnunar, sbr. sérstaklega ákvæði 5. mgr. 21. gr. Nánari útfærslu þessara lagaákvæða er að finna í alþjónustureglugerð nr. 641/2000, með síðari breytingum. Í 3. gr. laga nr. 2/1992, um Evrópska efnahagssvæðið, segir að skýra skuli lög og reglur, að svo miklu leyti sem við á, til samræmis við EES-samninginn og þær reglur sem á honum byggja. Í almennum athugasemdum með þeim lögum segir að íslenskum dómstólum beri að túlka íslensk lög í samræmi við þjóðarétt. Það er því viðurkennt sjónarmið við lögskýringu hér á landi að leitast eigi við að skýra ákvæði landsréttar til samræmis við þjóðréttarlegar skuldbindingar. Úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála hefur staðfest þessi sjónarmið í úrskurðum sínum nr. 1/2006 og 7/2006.

Að öllu ofangreindu virtu ákvarðar Póst- og fjarskiptastofnun framlag Símans úr jöfnunarsjóði alþjónustu, vegna þeirra kvaðar að veita öllum landsmönnum 128 Kb/s gagnaflytninguþjónustu, miðað við rekstrarkostnað ársins 2005 af umræddri þjónustu og árgreiðslu vegna fjárfestinga ársins 2005. Tekjur ársins 2005 af umræddri þjónustu koma til frádráttar. WACC-hlutfall verður ákveðið [...] ⁶⁹, eða það sama og KPMG reiknaði út í skýrslu sinni. Fyrningartími hinna ýmsu eigna verður sá sami og fram kemur í

⁶⁹ Fellt út vegna trúnaðar

umsóknnum Símans. Samkvæmt þessu ákvarðar Póst- og fjarskiptastofnun Símanum hf. framlag úr jöfnunarsjóði alþjónustu að fjárhæð kr. 18.880.079, sbr. nánar fylgiskjal 1.

III. Ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar um framlag Símans úr jöfnunarsjóði vegna ársins 2005 varðandi notendalínukerfið á Vestfjörðum

Eins og fram hefur komið sækir Síminn hf. um framlag úr jöfnunarsjóði alþjónustu vegna rekstrar og fjárfestingar við notendalínukerfið á Vestfjörðum vegna ársins 2005. Einungis er því sótt framlag vegna notendalínukerfisins en ekki talsímaþjónustunnar í heild á Vestfjörðum. Eins og fram kemur í bréfi Símans, dags. 6. júní 2006, eru ástæður þessa nokkrar. Í fyrsta lagi að félaginu beri að viðhafa bókhaldslega og fjárhagslega aðgreiningu í rekstri sínum. Rekstur notendalínukerfisins sé þannig aðgreindur frá talsímaþjónustu í samræmi við lög og reglur og telur félagið eðlilegt að unnt sé að sækja um framlag vegna einstakra þátta starfseminnar enda er óheimilt að niðurgreiða eina þjónustu með annarri. Í öðru lagi er afkoma af rekstri notendalínukerfisins óviðunandi, þar sem Póst- og fjarskiptastofnun hafi ekki tekið tillit til alls kostnaðar félagsins vegna notendalínukerfisins við ákvörðun heimtaugagjalds á síðustu árum. Í þriðja lagi yrði kostnaðargreining á talsímaþjónustu á Vestfjörðum bæði matskennd og tímafrek. Í fjórða lagi er ekki mögulegt að veita allar upplýsingar um fjölda símtala og mínútna vegna símtala til og frá Vestfjörðum.

Í bréfi Símans til Póst- og fjarskiptastofnunar, dags. 9. mars 2006, kom m.a. fram að félagið hafnaði alfarið þeirri afstöðu Póst- og fjarskiptastofnunar að óheimilt væri að taka út Vestfirði og sækja um vegna þess landshluta. Sú afstaða stæðist ekki einfalda skoðun á 9. gr. alþjónustureglugerðar. Þar segði berum orðum að heimilt væri að krefjast þess að óarðbærir þættir starfseminnar, t.d. í ákveðnum landshlutum, fengjust endurgreiddir með fjárframlögum.

Það er rétt hjá Símanum að í 9. gr. alþjónustureglugerðar nr. 641/2000 kemur fram að alþjónustuveitandi geti krafist þess að honum verði með fjárframlögum tryggt eðlilegt endurgjald fyrir þá þætti alþjónustunnar sem ekki verða reknir nema með tapi eða eru óarðbærir. Skoða verður hvað átt er við með tilteknum “þáttum” starfseminnar. Ákvæði 9. gr. sækir nú stoð í 1. mgr. 21. gr. fjarskiptalaga nr. 81/2003. Á þeim tíma sem umsókn Símans barst var efnisinntak lagaákvæðisins á þá leið að teldi fjarskiptafyrirtæki að alþjónusta sem því væri gert skylt að veita væri rekin með tapi eða væri óarðbær gæti það sótt um að því yrði með fjárframlögum tryggt eðlilegt endurgjald fyrir þá starfsemi sem um ræddi. Samkvæmt 6. tölul. 3. gr. fjarskiptalaga felst alþjónusta í afmörkuðum *þáttum fjarskipta* af tilteknum lágmarksgæðum sem boðnir eru öllum notendum á viðráðanlegu verði, óháð landfræðilegri staðsetningu þeirra.

Í 3. mgr. 19. gr. laganna kemur svo fram hvað telst til alþjónustu, en það er m.a. talsímaþjónusta, gagnaflutningsþjónusta með 128 Kb/s flutningsgetu, upplýsingaþjónusta um símanúmer, starfræksla almenningssíma o.fl. Í 1. gr. alþjónustureglugerðarinnar kemur einnig fram að reglugerðin nái til þeirra *þátta fjarskiptaþjónustu* sem skilgreindir eru sem *alþjónusta*. Markmið reglugerðarinnar er m.a. að skilgreina hvaða þættir fjarskipta af tilteknum lágmarksgæðum skuli boðnir öllum notendum á viðráðanlegu

verði, óháð landfræðilegri staðsetningu þeirra. Í 1. mgr. 1. gr. alþjónustutílskipunar 2002/22/EB kemur fram að tilskipunin varði framboð rafrænna fjarskiptaneta og fjarskiptaþjónustu til endanlegra notenda. Í 2. mgr. kemur svo fram að með tilskipuninni sé skilgreind sú lágmarksþjónusta sem allir endanlegir notendur hafa aðgang að á viðráðanlegu verði. Í A-hluta IV. viðauka tilskipunarinnar kemur m.a. fram hvað átt er við með “þjónustubáttum” en þar eru í dæmaskyni nefndir þættir eins og neyðarsímþjónusta og almenningssímar.

Að öllu framangreindu virtu lítur Póst- og fjarskiptastofnun svo á að unnt sé að sækja um framlag úr jöfnunarsjóði vegna tiltekinna alþjónustubátta í tilteknum landshlutum. Þeir þættir sem unnt er að sækja um framlag fyrir verða að teljast til alþjónustu eins og hún er skilgreind og beinast að þjónustu við endanlega notendur. Einn og sér telst rekstur notendalínukerfis á Vestfjörðum ekki til alþjónustu. Rekstur notendalínukerfis er einn þáttur í rekstri talsímaþjónustu, eins og t.d. rekstur stofnnetts og símsstöðva. Einangrað teljast þessir þættir ekki fela í sér talsímaþjónustu til endanlegra notenda. Teldi Síminn á sig hallað varðandi kostnaðargreiningu heimtauga hefði Síminn getað kært þær ákvarðanir Póst- og fjarskiptastofnunar eða óskað eftir nýrri kostnaðargreiningu. Hins vegar er það afstaða Póst- og fjarskiptastofnunar að Síminn geti ekki óskað eftir að fá það meinta tap bætt með framlagi úr jöfnunarsjóði alþjónustu.

Talsímaþjónusta á Vestfjörðum telst hins vegar til alþjónustu og er unnt að sækja um framlag vegna hennar að tilteknum skilyrðum uppfylltum. Samkvæmt 2. tölul. 3. gr. laganna merkir “*almenn talsímaþjónusta*” þjónusta opin almenningi sem miðlar innlendum og alþjóðlegum símtölum um notendabúnað sem er tengdur föstum nettengipunkti. Í 6. mgr. 21. gr. laganna segir að ef hluti af starfsemi fjarskiptafyrirtækis sé háður fjárframlögum samkvæmt ákvæðinu, skuli sá þáttur vera bókhaldslega aðskilinn frá annarri starfsemi fyrirtækisins. Sömu sjónarmið koma fram í 12. gr. alþjónustureglugerðar og 1. mgr. 11. gr. reglugerðar nr. 960/2001, um bókhaldslega og fjárhagslega aðgreiningu í rekstri fjarskiptafyrirtækja. Í síðastgreindu ákvæði segir að talsímaþjónusta skuli vera bókhaldslega aðgreind frá annarri fjarskiptaþjónustu og rekstri tiltekinna fjarskiptaneta, m.a. notendanetsins. Í 2. mgr. 11. gr. segir að til talsímaþjónustu skuli telja símtöl innanlands og til útlanda, símtöl í farsíma, samnetþjónustu (*ISDN*), upplýsingaþjónustu um símanúmer, almenningssíma og sérþjónustu.

Eins og fram hefur komið í málinu hefur Síminn viðurkennt að kostnaðargreining hafi ekki farið fram á talsímaþjónustu á Vestfjörðum sérstaklega, enda yrði slík kostnaðargreining bæði mjög matskennd og tímafrek og yrði ekki framkvæmd á nokkrum dögum, að sögn Símans. Þá ætti Símanum að vera ljóst að afstaða Póst- og fjarskiptastofnunar hefur frá upphafi þessa máls verið á þá leið að ekki væri unnt að sækja sérstaklega um framlag úr jöfnunarsjóði vegna taps af notendalínukerfinu. Í fyrirspurnarbréfi Póst- og fjarskiptastofnunar til Símans, dags. 27. apríl 2006, óskaði stofnunin m.a. upplýsinga um tekjuskráningu vegna rekstraráranna 2004 og 2005. Meðal annars var óskað eftir upplýsingum um tekjur af stofngjöldum, fastagjaldi og símtölum frá notendum símsstöðva á Vestfjörðum og tekjur af símtölum til notenda símsstöðva á Vestfjörðum. Fyrirspurn þessi var ítrekuð með bréfi til Símans, dags. 22. maí 2006. Með bréfi Póst- og fjarskiptastofnunar til Símans, dags. 31. október 2006, var félaginu

sérstaklega bent á að aðgerðarleysi af hálfu félagsins við að veita umbeðnar upplýsingar gæti orðið til þess að Póst- og fjarskiptastofnun hafnaði þessum þætti í umsókn félagsins með vísan til skorts á umræddum upplýsingum. Í bréfi Símans til Póst- og fjarskiptastofnunar, dags. 15. nóvember 2006, sem hafði að geyma andmæli félagsins vegna fyrirhugaðrar ákvörðunar um framlag félagsins úr jöfnunarsjóði alþjónustu vegna ársins 2005, var ekki sérstaklega fjallað um þennan þátt umsóknar Símans. Ekki fylgdu heldur bréfi Símans ofangreindar tekjuupplýsingar.

Með vísan til rökstuðnings Póst- og fjarskiptastofnunar hér að framan varðandi það að ekki sé unnt að sækja sérstaklega um framlög úr jöfnunarsjóði vegna taprekstrar notendalínukerfis og að upplýsingar um tekjur af talsímaþjónustu skortir hafnar Póst- og fjarskiptastofnun þeim þætti umsóknar Símans, dags. 17. nóvember 2004, sem varðar umsókn félagsins um framlag vegna taprekstrar notendalínukerfis á Vestfjörðum, að fjárhæð kr. 34.527.982.

Ákvörðunarorð:

Póst- og fjarskiptastofnun ákvarðar Símanum hf. framlag úr jöfnunarsjóði vegna veitingar gagnaflutningsþjónustu með 128 Kb/s flutningsgetu, að fjárhæð **kr. 18.880.079**, fyrir árið 2005. Póst- og fjarskiptastofnun hafnar kröfu Símans um framlag úr jöfnunarsjóði vegna rekstrartaps ársins 2005 af notendalínukerfinu á Vestfjörðum.

Ákvörðun þessi er kæránleg til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, sbr. 13. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun. Kæran skal berast úrskurðarnefnd innan fjögurra vikna frá því viðkomandi varð kunnugt um ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar.

Virðingarfyllst,

Hrafnkell V. Gíslason

Óskar H. Ragnarsson

